Hús þetta með tilheyrandi er metið 20/9. 1944 á . . . . . kr. 55.000.00

Kr. 262.600.00

11. Hús Steingríms Einarssonar, Framnesvegur 61, undir brbnr. 299, er einlyft íbúðarhús, byggt 1904 úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Útveggir allir eru stoppaðir með markalmi á milli fylja og milligólf er í báðum bitalögum. – Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafsuðuvél, gangur og 2 fastir skápar, allt þiljað innan og ýmist veggfóðrað eða málað, Í risþaðinni er sama herbergjaskipun og sami frágangur eins og á aðalhæðinni. Gólf öll eru dúklögð. – Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, þiljuðgveggfóðruð og máluð loft, þvottahús og geymsla. – Miðstöð er í húsið. – Inngönguskúr er við suðurhlið hússins, byggður eins og það að innri og ytri frágangi. – Þurrkkjallari úr timbri er einnig við húsið; hann er með járnþaki; gólf er á efri bitalögum og geymsla þar uppi.

299

Stærð íbúðarhúss: L. 6.6 m., br. 6.0 m., h. 4.1 m., ris 2.5 m, kjall. 2.3 m.
– " – inngangskúrs : " 1.9 ", " 2.5 ", " 3.0 " skápar, " 2.3 "
– " – þurrkkjalls : " 3.1 ", " 2.6 ", " 2.0 ", ris 1.0 m.

Hús þetta ásamt skúr ~~og kjall~~ og öllu tilheyrandi er metið á . . . . kr. 69.300.00

Þurrkkjallarinn er metinn á . . . . . " 1.100.00

Kr. 70.400.00

12. Hús Halldórs Kjartanssonar, Þvallagata 77, undir brbnr. 347, er tvílyft íbúðarhús með lágu geirarisi og kjallara, byggt 1934 úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Milli-

347

12. gólf er í útveggjabindingi. Masonitþiljur eru innan á útveggjabindingi, beggja megin á steinveggjabindingi og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp á milli gólfanna. Tvöfaldir gluggar eru á aðalhæðum hússins og þar eru báðar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Kjallarinn er múrhúðaður . Þar eru loft, gólf og skilveggir úr steinsteypu. – Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, búr, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 veggfóðruð og 2 máluð, baðherbergi með baðkeri og skeyptbað, flísalagt v. s, 3 fastir skápar og anddyri. Í kjallaranum er þvottahús, þurkloft, miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi, kolaklefi, v. s og gangur. – Steinsteyptir tröppur eru við húsið og niðurgrafið áfast kjallaranum.

347

Stærð: L. 9.6 m., br. 7.8 m., h. 5.7 m., ris 0.8 m., kjallarah. 2.0 m.

Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 123.700.00

Kr. 123.700.00

13. Hús Sigurbjörns E. Einarssonar, Bergstaðastræti 41, undir brbnr. 621, er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt 1901 úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, innri forstofa með 2 fataskápum, eldhús með rafeldavél og gangur, allt þiljað með panel, veggfóðrað og málað og loft ýmist veggfóðruð eða máluð. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi og á neðri hæð. Miðstöð er á neðri hæð, en kolaofna á efri. Öll gólf eru dúklögð. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfaður sundur í geymsluherbergi. Inngöngugeymsla er við austurhlið hússins, byggður eins og það.

621

Stærð aðalhússins: L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 5.4 m., ris 2.2 m., kjall. 2.2 m.
– " – inngöngugeymslu: " 2.2 ", " 2.2 ", " 4.6 ", skápar, " 2.2 "

Hús þetta með skúr og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 78.100.00

Kr. 78.100.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Hús Björns Bjarnasonar ofl., Hverfisgata 32A, undir brbnr. 1148, er einlyft íbúðarhús með porti; kvisti og risi, byggt 1907 úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa og járni þar yfir og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa í milli. Innan á bindingi er pappi og milligólf í bádum bitalögum og sag í milli. — Á adalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, skápur og gangur, allt þiljað og öll herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Uppi eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 3 skápar og er þar allt með sama frágangi og á neðri hæð. Á skamenbitum er gólf úr borðum; þar er þurkloft. Dúkar eru á gólfum beggja íbúðarhæða. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteyptu gólfi. Þar eru trésmíða- og málningastofur, þvottahús og geymslur. Í húsinu eru 8 ofnar,
1148 2 rafvélar og 2 gasvélar. — Við suðurhlið hússins er inngönguskúr með eldvarnargafli á suðurhlið, byggður sama ár og húsið og eins og það að öðru leyti. Þar eru 3 gangar og 4 fastir skápar. — Við vesturgafl hússins er annar inngönguskúr með kjallara undir, byggður 1917 úr steinsteypu, sementslíttaður utan og innan með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa í milli. Þar er gangur og geymslukleft. Við skúrinn eru háar steinsteyptröppur. — Viðbótarbygging hefir á þessu ári verið byggð að vestanverðu við húsið úr vikurholsteini á steyptum kjallara með þaki úr borðaklædningu, pappa og járni. Innan á útveggi er múrhúðað og málað yfir. Timburloft er í byggingunni og dúkar á gólfum. Uppi er 1 íbúðarherbergi, en geymsla í kjallara. Að uban er bygging þessi múrhúðuð.

Stærð íbúðarhúss: L. 9.5 m., br. 7.6 m., hæð 4.7 m., ris 3.8 m., kjall. 2.5 m.
—"— inngöngusk.: " 2.5 " " 3.9 ", " 5.4 ", skáþ., " 2.5 "
—"— do : " 1.9 " " 2.8 ", " 1.9 ", —"—, " 2.5 "
—"— viðbygg. : " 3.9 " " 3.5 ", " 3.5 ", —"—, " 2.5 "

Hús þetta ásamt, skúrum og viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . Kr. 154.000.00
Kr. 154.000.00

15. Hús Valdimars Hannessonar, Ánanaust E við Mýrargötu, sem fær brbnr. 4458, er húsgagnabólstrunar og íbúðarhús byggt úr bindingi, klætt utan borðum og pappa yfir. Þak er úr borðum, pappa og járni. Innan á útveggi er klætt trétexi og stoppað með spónum, þiljað
4458 er neðan á bita. Steinsteypugólf er í húsinu. Áfast við það er íbúðarskúr, byggður á sama hátt, en með óklæddum timburveggjum. Þar er 1 íbúðarherbergi veggfóðrað og málað.

Stærð adalhúss: L. 5.0 m., br. 3.0 m., hæð 2.3 m., ris 1.1 m.
—"— viðbygg.: " 4.0 ", " 2.1 ", " 2.2 " skáþak.

Hús þetta ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . . Kr. 5.100.00
Kr. 5.100.00

16. Hús Daníels Ólafssonar, Tjarnargata 40, undir brbnr. 1193, er óbreytt frá síðustu virðingu 1/6. 1943, sjá lýsingu 2/11. 1915.

1193 Stærð adalhúss: L. 10.3 m., br. 9.1 m., hæð 6.3 m., ris 3.8 m., kjallarah. 2.3 m.
—"— geymslusk.: " 1.3 ", " 1.7 ", " 2.3 ", skáþak

Húsið með skúr og öllu tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 213.900.00
Kr. 213.900.00

17. Hús Kristínar Ingimundardóttur, Smáragata 10, undir brbnr. 2881, er óbreytt frá virðingu 1/3. 1942, sjá lýsingu 21/3. 1932, og var þá með viðbyggingu og tilheyrandi metið á . . . . Kr. 109.850.00

Nú hefir bifreiðaskúr verið byggður við það úr steinsteypu, bæði
2881 veggir, þak og gólf, einangraður á útveggjum með vikurhellum, en loft múrhúðað á timbur. Skúrinn er ósundurhólfaður og hitaður frá adalhúsinu og hraunaður utan.

Stærð skúrsins: L. 4.7 m., br. 3.7 m., hæð 3.0 m., slétt þak
—"— útskots " 2.3 ", " 2.8 ", " 3.0 " —"—

Skúr þessi með útskoti og tilheyrandi er metinn á . . . . . Kr. 10.600.00
Kr. 120.450.00

18. Hús Jóns Þorbjörnssonar, Tangi við Kleppsmýrarveg, áður Hörpugata 31, undir brbnr. 2977, er óbreytt frá síðustu virðingu 21/1. 1942, sjá aðallýsingu 21/3. 1932, að öllu öðru leyti
2977 en þú, að ný viðbygging hefir verið byggð við suðurenda

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. þess úr sama efni og með samskonar frágangi eins og eldri
húsið. Á nedri hæð er 1 íbúðarherbergi og inngangur, en bað-
herbergi með v. s. uppi. Yfir þeim hlutanum, sem er inngangur,
2977 eru svalir. Húsið er allt múrhúðað með skeljasandi.
Stærð aðalhúss: L. 8.6 m., br. 5.1 m., hæð 3.3 m., ris 2.2 m.
— " — viðbygg.: " 2.5 ", " 5.1 ", " 2.5 ", " 0.5 "
Hús þetta með viðbygg. og tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 55.800.00
Kr. 55.800.00

19. Hús Jóhanns Guðmundssonar, Kleppsmýrar-
vegur við verksmiðjuna Keilir, áður Hörpugata 33,
undir brbnr. 3098, var síðast virt 21/2. 1942, sjá aðallýs-
ingu 21/12. 1932, var flutt frá Hörpug. 33 í heilu lagi og steypt
undir það sementsplata. Það er byggt úr bindingi, klætt utan
3098 borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í bind-
ing er stoppað með sagspónum. Timburgólf er ofan á gólf-
inu og loft og skilrúm eru úr tvöfaldri timburklæðningu,
veggfóðrað og málað. Á aðalhæð eru 2 íbúðarherbergi, eld-
hús, v. s. og anddyri. Í öðrum enda rishæðar er 1 íbúðarher-
bergi, þiljað og veggfóðrað. Hinn hlutinn er að eins geymslurúm.
Stærð hússins: L. 5.5 m., br. 5.6 m., hæð 3.0 m og ris 2.9 m.
Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 33.800.00
Kr. 33.800.00

20. Hús Kristjáns Benediktssonar, Bústaðablettur 3,
Ásbyrgi, undir brbnr. 3150, er bæði íbúðarhús byggt
1933, sjá lýsingu 21/6. 1933 ásamt heyhlöðu og fjósi, sjá lýsingu
21/1. 1935, sem hvorutveggja er óbreytt frá síðasta mati 1/2. 1943,
og tvílyft íbúðarrið bygging, byggð í stað inngönguskúrs,
3150 sem áður var við aðalhúsið, úr steinsteypu, með þaki úr
borðum, pappa og bárujárni. Innan á útveggjum eru
vikurplötur, 2 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu
loft efri hæðar er úr timbri, klæddu asbestplötum. Skilrúm
eru úr steinsteypu, sem og kjallaragólf. Dílkar eru á stig-
um og gólfum, en á einu herbergi aðalhæðar er eikarpar-
kett yfir steinsteypugólfinu. Allt er húsið málað, bæði

loft og gólf. Á aðalhæð eru 2 íbúðarherbergi, anddyri, gangur og
20 stigagangur, og v. s., en á efri hæð eru 2 herbergi og stigagangur.
Á kjallara er sami frágangur og á hinum hæðunum; þar er enn-
fremur baðherbergi með kerlaug og v. s. og gangur. Viðbót þessi er
múrhúðuð utan.
Stærð aðalhúss: L. 7.5 m., br. 6.0 m., hæð 2.9 m., ris 1.0 m., kjallarh. 1.8 m.
3150 — " — viðbyggingar: " 5.0 ", " 9.2 ", " 3.8 ", " 1.7 ", — " — 2.4 "
— " — fjóss og heyhlöðu " 12.6 ", " 5.0 ", " 3.2 ", " 2.3 "
— " — fuglahúss, sem er óbreytt frá lýsingu 21/9. 37: L. 4.3 m., br. 3.7 m., hæð 2.0 m., skápak.
Húseign þessi með viðbyggingu, ~~útihúsum~~ og tilheyrandi er metin á . . . Kr. 123.600.00
Kr. 123.600.00

21. Hús Jóns Magnússonar, Njálsgata 13B, undir brbnr.
1189, er einlyft íbúðarhús með porti, kvisti, risi og kjallara,
byggt 1908 úr bindingi, klætt utan plægðum borðum með
pappa og járni þar yfir á 3 vegu, en eldvarnargafli að vestan-
verðu og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa í milli.
Innan á bindingi er pappi og milligólf í báðum bitalögum.
Nedri eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og með striga
og pappír á veggjum og lofti, allt málað. Uppi eru 4 íbúðar-
arherbergi, eldhús, gangur og 3 fastir skápar, allt þiljað og
sumpart með striga og pappa, en sumpart með pappa, og allt
1189 málað. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi;
hann er hólfaður í 4 geymsluklefa, þvottahús með vatnspotti
og vatnsþró og gang. — Við austurgafl hússins er inngöngu-
skúr með kjallara og risi, byggður eins og húsið; í honum er
gangur og 1 skápur. — Við norðurhlið er inn- og uppgöngu-
skúr með kjallara, byggður eins og húsið; hann er hólfaður
í 4 ganga; þar eru og 2 geymslukompur, 3 fastir skápar
og 2 salerni. — Fyrir norðan húsið á sömu lóð er einlyft
trésmíðahús, byggt úr bindingi, klætt utan járni á plægðum
borðum á 2 vegu, eldvarnarvegg á einni hlið og gafli og með
járnþaki á plægðri borðasúð með pappa í milli; steinsteypu-
gólf er í öðrum helming þess og timburgólf í hinum. Það
er hólfað í tvennt og í þvír eru hillur. Þar eru smíðavélar
reknar með c. 1-2 ha. rafal.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.1. Stærð íbúðarhúss: L. 7.5 m., br. 6.9 m., hæð 4.7 m., ris 2.7 m., kjall. 2.0 m.
— " — inngöngusk.: " 2.6 " , " 2.5 " , " 5.7 " , skápar, " 2.0 "
— " — do : " 1.6 " , " 2.5 " , " 2.8 " , — " — , " 2.0 "
1189 — " — Trésmíðahúss: " 6.3 " , " 3.1 " , " 2.7 " , — " — .
Hús þetta með báðum inngönguskúrum og tilheyrandi er metið á kr. 93.700.00
Smíðahúsið er metið á . . . . . kr. 4.200.00
Helgi Ásgeirsson Valgeir Jónsson Jón Bergsteinsson kr. 97.900.00

Árið 1944, þriðjudaginn 6. desember

mætti Helgi Ásgeirsson f. h. Hf. Almennar Tryggingar ásamt hinum lögkjörnu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni, til þess, samkv. lögum nr. 1 frá 26. marz 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að virða til brunabótaupphæðar eftirtalda húseignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Varðmannshús h/f Nafta við Fiskislóð, sem fær brbnr. 4500, er einlyft íbúðarhús, byggt úr vikurholsteini á steinsteyptum grunni. Þak er úr járnbentri steinsteypu með 10 cm. lagi af vikursplóðum í ofanálag. Skilveggir eru úr vikursteini. Allt er húsið múrhúðað og málað og dúkar eru á gólfum. Þar eru 1 íbúðarherbergi, 1 afgreiðslustofa, 1 geymsluherbergi, eldhús, w.s., anddyri og gangur. Í eldhúsinu er rafmagnsplata. Húsið er hitað með rafmagnsofnum. Það er allt húðað utan. Steypibaðklefi eru í húsinu.
4500 Stærð aðalhússins: L. 9.8 m., br. 5.3 m., hæð 3.4 m., skápar.
— " — útskots: " 5.8 " , " 1.2 " , " 3.4 " , — " —
Hús þetta með útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 47.800.00

2. Hús Guðmundar Kristjánssonar o.fl., Ásvallagötu 21, sem fær brbnr. 4501, er einlyft íbúðarhús
4501 með kjallara, byggt úr vikurholsteini á steinsteyptum kjallara. Þak er úr borðaviði, pappa og asbesti; tvö loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm hlaðin úr

vikursteini. Skilrúm, útveggir og loft er múrhúðað og málað yfir og dúkar á gólfum. Aðalstaðirnir eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús með rafeldavélum, 2 baðherbergi með w.s., 2 anddyri og 2 gangar. Timburskúr er á kjallara; í honum eru 2 íbúðarherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, w.s., geymslur og gangur.
4501 Íbúðarherbergin eru með sama fráganga og á aðalhæð. Skilrúm í kjallara eru steypt. Tvennar steinsteyptar tröppur eru við húsið og undir þeim geymslur. Húsið er múrhúðað með kvartzi-Skel.
Stærð aðalhúss: L. 10.7 m., br. 7.0 m., hæð 2.7 m., ris 1.8 m., kjall. 2.6 m.
— " — útskots: " 7.0 " , " 4.9 " , — " — 2.7 " , " 1.8 " , — " — 2.6 "
Hús þetta með útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 135.500.00
kr. 135.500.00

3. Hús Þorsteins Finnbogasonar, Fossvogsblettur 42, sem fær brbnr. 4502, er einlyft íbúðarhús byggt úr vikurholsteini á steyptum grunni með paki úr borðum, pappa og járni. Skilrúm eru úr timbri og múrhúðuð. Loft eru einnig úr timbri, klædd trétex og pappír, nema í miðstöðvarherbergi og w.s.; þar er loftið klætt asbestplötum. – Í húsinu eru 2
4502 íbúðarherbergi, ýmist veggfóruð eða máluð, með dúkum á gólfum, eldhús með rafeldavél, steypibaðklefi með w.s., 1 miðstöðvar- og þvottaherbergi og gangur. Geymsluloft er í risi. Húsið er múrhúðað utan. Inngönguskúr er við húsið úr timbri, múrhúðaður utan og innan; þak hans er úr timbri, pappa og járni.
Stærð aðalhúss: L. 8.3 m., br. 6.3 m., hæð 2.7 m. og ris 1.5 m.
— " — inngöngsk.: " 2.0 " , " 2.0 " , " 2.7 " " " 1.5 "
Hús þetta með inngönguskúr og tilheyrandi er metið á: . . . . . kr. 44.000.00
kr. 44.000.00

4. Hús N. Rosenbergs, Flókagata 39, sem fær brbnr. 4503, er einlyft íbúðarhús, byggt úr steinsteypu með paki úr borðum, pappa og asbesti; 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf úr venjulegri steypu. Innan á
4503 útveggjum eru vikursplóðir og múrhúðað yfir og málað ásamt skilrúmum og loftum. Loft öll og stigar eru dúklögð. Á hverri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél,

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. baðherbergi með kerlaug og v.s., anddyri, forstofuherbergi og stigagang ur. Í svefnherbergi eru 3 fastir skápar. Í pakkhúsi eru 2 smáherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, máluð og dúklögð, miðstöðvarherbergi, strau og þurkherbergi, þvottaherbergi, inngangur, gangur og geymsluherbergi. Steinsteypuþröppur eru við húsið og undir þeim geymsla.
4503 Svalir veggsvalir eru á húsinu. Það er húðað utan með skeljasandi.
Stærð aðalhúss: L. 11.0 m., br. 9.4 m. hað 5.5 m., ris 2.5 m. kjall. 2.5 m.
— — útskots: — 4.5 —, — 1.2 —, — 5.5 —, — 1.4 —, — 2.5 —
— — útskots: — 4.0 —, — 1.5 —, — 5.5 —, — 1.4 —, — 2.5 —
Hús þetta með báðum útskotum og tilheyrandi er metið á ..... kr. 266.000.00
Kr. 266.000.00

5. Hús Hallgríms Magnússonar, Ásvegur 17, undir brnr. 2578, er íbúðarhús byggt 1929 með viðbyggingu frá 1944. Húsið er úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Viðbyggingin er við norðurhlið hússins og er úr steinsteypu gólfi. Í húsinu ásamt viðbyggingu eru
2578 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðklefi með v.s. og gangur. Í eldra húsinu er allt þiljað innan og lagt selotexplötum á veggjum, en loft strigalögð og allt veggfóðrað og málað; í viðbyggingunni er málað loft og veggir. Dúkar eru á öllum gólfum. Miðstöð er í húsinu. Það er allt múrhúðað utan.
Stærð aðalhúss: L. 7.3 m., br. 3.7 m., hað 3 m. og ris 1.3 m.
— — viðbygg.: — 6.2 —, — 2.8 —, — 3.0 — skápar.
Hús þetta ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á ..... kr. 37.000.00
Kr. 37.000.00

6. Hús Ellerts Helgasonar, Sogablettur 16 við Sogaveg, undir brnr. 2609, er einlyft íbúðarhús með risi, byggt
2609 1929, endurbætt og stækkað 1938 og nú með nýrri viðbyggingu. Eldri hlutinn er byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki; þar utan yfir eru steinsteyptir grunnir veggir, allt húðað utan með kvarsi og tjörnu. Í útveggjabindingi er pappi og sagspónaeinangr.

Gólf eru úr timbri, skilveggir úr bindingi með tvöföldum þiljum;
6. þiljað er innan á útveggi og niðan á loftbita, allt strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Gólf er á pakkhúslofti og par uppi er geymsla. Veggsvalir eru á suðurhlið hússins. Í aðalherbergi eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, bað og anddyri. Dúkar eru á gólfum. Í kjallara, sem er steinsteyptur, er þvottahús og geymsluklefi. Inngönguskúr er við suðurgafl hússins byggður eins og það og geymsluskúr. Við norðurendann er nýbyggð framlenging úr vikurhol-
2609 steini á steyptum grunni. Þak hennar er úr borðum, pappa og járni. Innan á útveggi er múrhúðað og málað. Loft er úr timbri, strига- og pappalagt og málað. Gólf er steypt og dúklagt. Viðbygging þessi er ósérdurkhólfuð. Hún er múrhúðuð með steil. Í húsinu er miðstöð, rafeldavél og v.s.
Stærð hússins: L. 10.6 m., br. 6.0 m. h. 2.7 m., ris miðalh. 1.0 m
— — kjallara: — 6.1 —, — 3.0 —, — 2.0 —
— — inngönguskúr: — 1.1 —, — 1.8 —, — 2.2 — ris 1.0 m.
Hús þetta ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á ..... kr. 55.200.00
Kr. 55.200.00

7. Hús Leifs Halldórssonar ofl., Holtsgata 23, undir brnr. 168, er upphaflega gamall bær, endurbættur og lengdur 1900 og þá byggðir undir hann allan steinveggir, stafnar járnklæddir og sett á hann járnþak, á langböndum á 5 m lengd hvers og á súð á 3.8 m. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús með rafvél og milligangur, þiljað og málað. Inngönguskúr, sem var við hús þetta, er nú rifinn, en í hans stað byggð viðbót við suðausturhlið þess úr timbri á steinsteyptum grunni og þaki úr borðum, pappa
168 og járni. Innan á útveggjabæðing er stoppað með spónum, þar yfir þiljur, pappi og klætt ýmist með tréreki eða masonite. Íbúðarherbergi eru veggfóðruð, loft og veggir og dúkar á gólfum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafvél, v.s. og anddyri. Húsið er klætt utan ýmist með járni eða asbesti. - Geymslu- og þvottahús er á sömu lóð, byggt úr steinsteypu, með járnþaki; gólf er steinsteypt; það er hitað í tvennt. Hitaveitutöflu er í húsinu.
Stærð íbúðarhússins: L. 8.8 m., br. 5.0 m., hað í mæni 3.0 m.
— — viðbyggingar: — 8.8 —, — 3.1 —, — 2.4, skápar
— — — geymsluskúrs: — 6.0 —, — 2.5 —, — 2.5 — — —
Húsið með viðbót og tilheyrandi er metið á ..... kr. 13.000.00
Geymsluskúrinn er metinn á ..... — 3.700.00
— 16.700.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Hús Ólafs S. Guðmundssonar, Vesturgata 53, undir brbnr. 397, er íbúðarhús byggt 1897 úr bindingi, einlyft með porti, risi og kjallara. Það er klætt utan plægðum borðum, pappa og járni þar yfir í 3 vegu og með járnþaki á plægðu borðasúð með pappa í milli. Innan á bindingi er pappi. Aðalhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., 2 gangar og 3 fastir skápar, sem allt er þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Uppi eru 4 íbúðarherbergi, gangur og 2 fastir skápar, allt þiljað og málað. Dúkar eru á gólfum. Kjallari er undir öllu húsinu; í honum er miðstöð og hitaveitulögn. Geymsluskúr er byggður við húsið 1924 úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Á bakhlið hússins er vörugeymsluskúr úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplötur; þiljað er neðan á þakbita og þiljurnar vírlagðar og allir skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum vírlögðum þiljum. Steinsteypugólf er í húsinu og er það allt múrsléttað utan og innan, skeljað utan. Það er hólfað í 3 rými, 1 skrifstofuherbergi og 2 vörugeymsluríum, anddyri og e. s. Hitaveitulögn er í húsið.

397

Stærð íbúðarhúss: L. 8.2 m., br. 5.7 m., hæð 4.2 m., ris 2.1 m., kjall. 2.2 m.
– " – geymsluskúrs: " 5.1 " , " 3.7 " , " 2.3 " , " 0.7 "
– " – vöruskúrs: " 11.7 " , " 6.2 " , " 3.0 " , skápar

Aðalhúsið með tilheyrandi er metið á	kr.	63.000.00
Geymsluskúrinn er metinn á	"	2.000.00
Vörugeymsluskúrinn með tilheyrandi er metinn á	"	45.500.00
	Kr.	110.500.00

0. Hús Hallgríms Magnússonar, Ásvegur 17, undir brbnr. 2578, er íbúðarhús byggt úr bindingi 1929, klætt utan borðum pappa, listum og járni á veggjum og þaki; allt er húsið þiljað innan og lagt sellotexplötum á veggjum, en loft steinbrigalýð og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Við norðurhlið hússins er ný viðbygging úr vikurholsteini með steinsteypugólfi og meirihlutinn innan og málað, bæði veggir og loft. Þak er úr borðum, pappa og bárujárni. Í húsinu ásamt viðbyggingunni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðklefi með e. v., mið-

N.B.

2578

stöðvarherbergi og gangur; dúkar eru á gólfum. Allt er húsið múrhúðað utan.

0. Geymsluskúr, sem áður var við húsið, er rifinn.

Stærð aðalhússins: L. 7.3 m., br. 3.7 m., hæð 3.0 m. og ris 1.3 m.
– " – viðbyggingar: " 6.2 " , " 2.8 " , " 3.0 " skápar.

2578

Húsið metið ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á	kr.	37.000.00
Húsmetið er áður fært á bls. 328	Kr.	37.000.00

9. Hús Margrétar Árnason, Hólar við Reykjavíkurveg, undir brbnr. 2983, er tvílyft íbúðarhús með risi, byggt 1932 úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð með pappa í milli. Gólf eru 2 gólf úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steypu. Þiljað er innan á borðabindingi útveggjanna og þar þiljurs, striga lagðar og allt ýmist veggfóðrað eða málað.

2983

Á neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með kolaeld, 2 fastir skápar, v. s. og gangur. Á efri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með kolaeld, 3 skápar og gangur. Risháð er óinnréttuð; þar uppi er geymsla. Kolaofnar eru til upphitunar á báðum hæðum. Dúkar eru á gólfum.

Stærð: L. 7.5 m., br. 6.3 m., hæð 5.5 m., ris 1.9 m.

Húsið metið með tilheyrandi er metið á	kr.	61.000.00
	Kr.	61.000.00

10. Hús Ásgeirs Bjarnasonar, Sólvallagata 32A, undir brbnr. 3515, er íbúðarhús fri síðustu lýsingu og virðingu 2/9. 1937.

3515

Stærð: L. 6.6 m., br. 9.7 m., hæð 5.5 m. ris 1.2 m., kjall. 2.5 m.

Húsið metið með tilheyrandi er metið á	kr.	123.300.00
	Kr.	123.300.00

11. Húseign Elly Salomonsson, Laugavegur 73, með brbnr. 757, eru 4 hús byggð á árunum 1903, 1917, 1921 og 1944.

A er íbúðarhús byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Aðalhæð þess eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með karlang og v. s.; veggir og loft eru álímd pappír og máluð. Dúkar eru á gólfum. Miðstöð er á þessari hæð. Á risháð eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og málað. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, þiljað og málað og 2 geymsluherbergi. Inngöngugeskúr er við húsið úr steinsteypu

757.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. með járnþaki á borðasúð, þiljaðrs og máladrs innan

B er íbúðarhús byggt úr sama efni og A og með sama frágangi. Það er 1 íbúðarherbergi, gangur og geymsluherbergi, allt þiljað innan og málað. Í kjallara er gangur, 2 geymsluklefar og 3 cal-erni. Kús þetta er millibygging milli A og C. Inngönguskúr er innifal. í þess byggingu.

C er íbúðarhús byggt úr sama efni og með sama frágangi og hin húsin, A og B. Í því eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og með pappa á veggjum, en striga og pappír á loftum, allt málað. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi og gangur, þiljað og málað, einnig þvottaherbergi og geymsluklefi.

D er fatahreinsunarhús, byggt á bakhlið hinni áfast við C og innangengt í það. Húsið er byggt úr steinsteypu, annar hliðveggur, báðir gaflar og gólf, en þak er úr járnbentri steinsteypu. Framhlið er úr vikurholusteini, það er allt múrhúðað innan og bikfað í 3 rim. Í austurenda þess er bílskúr, að skilinn með vikurhellustil-

757 steini, þá fatapressunarskúr og er afgreiðsluherbergi áfast því. Undir þakinu er timburstilrúmi; vestast er fatahreinsunarherbergi. Ofan á þaki eru 4 reykgluggar. Húsið er allt múrhúðað utan.

Stærð A: L. 7.5 m. br. 7.8 m., það 3.8 m. hátt 2.8 m., kjallarah. 2.5 m.
—"— Inngsk. " 3.0 ", " 2.3 ", " 2.8 ", skápar, — — — 2.5 "
—"— B: " 4.4 ", " 4.5 ", " 3.5 ", —"—, —"— 2.2 "
—"— C: " 7.5 ", " 5.6 ", " 2.6 ", hátt 2.0 ", —"— 2.2 "
—"— D: " 16.1 ", " 6.1 ", " 3.2 ", skápar.

Hús A ásamt inngöngueskúr og tilheyrandi er metið á	Kr.	92.800.00
—"— B með tilheyrandi er metið á	"	18.200.00
—"— C —"— —"— er metið á	"	32.700.00
—"— D — "— —"— er metið á	"	56.500.00
	Kr.	200.200.00

12. Húseign Þorkels Þorleifssonar, Laxárvegi við Breiðholtsveg, brðnr 3157, er íbúðarhús með inngöngueskúr og öðrum viðbyggingum með ísskúr, fuglahúsi og þvottahúsi.

3157 A Íbúðarhúsið er einlyft með lágu risi og kjallara, byggt 1933 úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í útveggjabindingi er stoppað með sag-spónum, en innan á hönum er gisin borðaklæðning og mas-

onit-plötur þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum

12. þiljum og masonit þar yfir. Einnig eru masonit-plötur á borða-grind niðan á loftbitum. Allt málað. — Á aðalhúð eru 2 íbúðar-herbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með sturtupibað og v. s. og innri gangur. — Í kjallara er einn skilveggur úr steinsteypu; timburgólf er í nokkrum klefa hans. — Inngönguskúr er við húsið byggður eins og það að ytri sem innri frágangi. Þar er gangur, geymsluklefi og v. s. — Við húsið er nú byggt timburhús nýtt á steinsteyptum kjallara, með þaki úr borðum, pappa og járni yfir og veggjum. Innan á útveggi er klætt asbesti, listum og gibsplöt-um, sparklað og málað. Í því er steypt gólf og korks-parkett yfir, en timburloft og skilrúm með gibsplötum, sömuleiðis máluð. Viðbótarhús þetta er hólfað í 2 herbergi, eldhús með rafeldavél og sturtupibaðklefa með v. s. Í kjallaraherbergjum eru 3 íbúðarherbergi og v. s. Ofnkol er við húsþetta.

B. Fuglahúsið er byggt 1941 úr bindingi, klætt utan borðum

3157 og pappa á veggjum og þaki og bárujárni þar yfir. Allt er það þiljað innan og stoppað í bindinga. Í því er trégólf og skilveggur úr timbri

C. Þvottahúsið er byggt 1935 úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Það er hólfað í sement, þvotta-herbergi og 2 geymsluklefa, bæði þiljað innan. Steinsteypugólf í húsinu.

Stærð A íbúðarhúss: L. 7.5 m., br. 6.0 m., h. 2.9 m., ris 1.0 m., kjall. 1.9 m.
—"— " inngöngueskúrs: " 3.0 ", " 2.0 ", " 2.5 ", skápar
—"— " viðbyggingar: " 10.7 ", " 4.5 ", " 3.8 ", ris 1.0 m., kjall. 2.2 m.
—"— " útiskúrs: " 1.5 ", " 1.5 ", " 2.5 ", skápar. " 2.2 "
—"— B. fuglah.: " 10.0 ", " 4.6 ", " 2.7 " —"—
—"— C. þvottah.: " 6.0 ", " 3.0 ", " 2.4 " —"—

12. Húsið ásamt viðbyggingum og tilheyrandi er metið á	Kr.	105.600.00
B. fuglahúsið með tilheyrandi er metið á	"	8.000.00
C. þvottahúsið með tilheyrandi er metið á	"	2.600.00
	Kr.	116.200.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13 Húseign dd. Sveins M. Hjartarsonar, Bræðraborgarstígur 1, brbnr. 1149 er 5 hús, auk viðbygginga og skúra og auðkennast með stafliðum A-E. Þar af eru A og B sambyggð og aðskilin frá C-E, sem einnig eru sambyggð en öll koma þau undir sama brbnr.

A er íbúðar- og brauðgerðarhús, byggt úr bindingi, klætt plægðum borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Í bindingi er fyllt með sagspónum og milliglöf er í öllum bitalögum. Neðri hæð hússins veður lýst í sambandi við viðbyggingunna Ltr. B. Í annari hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 3 gangaskápar, baðherbergi með keri og v.s. Allt er þetta þiljað, striguglaðst og ýmist veggfóðrað eða málað með mjög vönduðum frágangi. Á risloft, sem er með 2 stórum kvistum, sénum á hvorri síðu, eru 4 íbúðarherbergi, öll með samskonar frágangi og áður er lýst, eldhús, sem er múrhúðað og málað, veggir og loft, baðherbergi með keri og v.s., þvottahús múrhúðað, með veggir og loft og með steinsteyptu gólfi, gangur, geymsluherbergi og skápum. Dyrkarr eru á öllum og gólfum íbúðanna. Kjallarinn, sem var, er fylltur upp.

B Viðbygging, sem áður er nefnd, og liggur meðfram Vesturgötu, hefir verið lengd með viðbót úr steinsteypu og eldri hlutinn, sem byggður er úr bindingi, klæddur borðum og pappa og skoppað í bindisg, er nú múrhúðaður innan, sem og öll byggingin og utan með kvarsi og tjörnu, en þakið er úr borðum, pappa og járni, eins og áður var. Viðbygging þessi og neðsta hæð Ltr. A er ein samstæða. Gólf er úr steinsteypu og veggir allir og loft úr timbri múrhúðað og hvítlað. Það er hólfað í stórt brauðgerðarhús með rafmagnsbökunarofni, kælingar- og pökkunarherbergi og kötlusteypingarherbergi, útsendingarherbergi og brauða- og nýlkursölubúð, með borði og hillum og að öðru leyti eins og áður er lýst, nema það er terrassó-steypugólf. Framhlið hefir verið breytt á þann hátt, að öll hliðin er nú hækkuð um eina loftháð efst allri lengdinni, en áður var þar stór kvistur. Þar eru kaffistofa, skrif-

149

stofa, gangur og 3 súðarskápar og steyptir baðklefi með v.s.; hann er
13. múrhúðaður innan. Stigarúm og loft er þiljað með tröllvið og málað. Gólf herbergjanna eru með birkikubbagólfi. Við suðurhlið þessa húss er steinsteypt viðbygging með járnþaki á pappaklæddri borðasúð. Innan á útveggjum og á lofti er múrhúðum. Þar er geymsluherbergi og inngangur í búðirnar. Viðbót þessi er múrhúðuð utan.

Inn- og uppgönguskúr er byggður úr steinsteypu áfastur við samskeyti Ltr. A og B og er innangengt í báðar húsin. Hann er byggður á sama hátt og viðbygging sú við B, sem áður var lýst. Stigi er úr timbri og klæddur masoniti á tröppum.

C er vesalunar- og geymsluhús á sömu lóð, byggt úr bindingi, klætt borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Á neðri hæð þess er sölubúð með skápum, skúffum, hillum og borði. Búðin er þiljuð og klædd striga og pappír og máluð; linoleumdúkur er þar þiljað geymsluherbergi. Á efri hæð er geymsla og þvottaloft.

D er geymsluskúr byggður áfastur við Ltr. C úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járni á 2 vegu, en 2 hliðar veggir hans eru úr steinsteypu. Þakið er úr kantsettum borðum með pappa og járni þar yfir. Hann er þiljaður innan.

149

E er bílskúr, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járni á 3 vegu, en sú hliðin er eldvarnarveggur. Þakið er úr járni á langböndum; steinsteypugólf er í skúrnum.

Stærð A: Lí. 15.7 m., br. 8.5 m., h. 7.72 m., ris 3.9 m.
—"— inngsk. " 3.2 " " 1.2 " " 4.0 " , skápar, byggðurinns og hússið.
—"— B: Miðall. 10.0 " " 5.8 " " 3.5 " , ris miðalh. 2.2 m.
—"— stigag.: —"— 3.1 " " 2.2 " " 5.4 " , skápar
—"— viðbygg: Lí. 7.3 " " 3.2 " " 3.3 " , —"—
—"— C.: " 4.0 " " 7.2 " " 5.5 " , —"—
—"— viðbygg: " 3.2 " " 5.0 " " 2.8 " , —"—
—"— D.: " 14.4 " " 4.3 " " 3.0 " —"—
—"— kjallara: " 8.0 " " 4.3 " " 1.8 "
—"— E: " 8.3 " " 5.6 " " 2.8 " , skápar.

Hús A ásamt inngönguskúr og öllu tilheyrandi er metið á.....	kr.	348.000.00
—"— B. —"— viðbyggingum —"— —"— er metið á.....	"	105.000.00
—"— C. —"— viðbyggingu —"— —"— er metið á.....	"	45.700.00
—"— D. með tilheyrandi er metið á.....	"	31.300.00
—"— E —"— —"— er metið á.....	"	7.600.00
	kr.	537.600.00

Helgi Bogason, Sölvhólsgötu 4, Valgeir Jónsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1944, hinn 16. des.

mætti Helgi Ásgeirsson f. h. H/f. Almennar tryggingar ásamt hinum löggiltu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni, til þess, samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. mars 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að virða til brunabóta eftirlaldar húseignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Hús Jónasar Guðmundssonar, Jens Figved og Halldórs Halldórssonar, Miklabraut 9, er íbúðarhús, sem fær brbnr. 4504, byggt úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og bárujárni; 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en veggir og kjallaragólf er úr venjulegri steypu. Skilrúm eru ýmist steypt eða hlaðin úr vikursteypuplötum. Innan á útveggjum eru vikureinangrun og herbergi öll múrhúðuð og máluð, með dúklögðum gólfum og stigum. – Á fyrstu og annari hæð,
4504 sem eru með sama fyrirkomulagi og frágangi, er á hvorri fyrir sig 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafvél, baðherbergi með kerlaug og v. s., anddyri, gangherbergi, stigagangur og fataskápur og veggsvalir. Á risheð er afþiljaður gangur og 1 íbúðarherbergi, ýmist múrhúðað eða málað, þvottaherbergi, geymsluherbergi og v. s. Í kjallara eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafvél, steypibaðklefi með v. s., allt með sama frágangi og hinar íbúðir hússins; þar eru ennfremur 3 geymsluherbergi. – Húsið er með miðstöð í sambandi við hitaveitu. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim geymsla. Það er húðað utan skeljasandi.
Stærð: L. 10.6 m., br. 11.0 m., hæð 5.5 m., ris 2.4 m., kjall. 2.6 m.
Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 287.800.00
Kr. 287.800.00

2. Hús Péturs Ingjaldssonar, Sólvallagata 41, sem fær brbnr. 4505, er íbúðarhús byggt úr steinsteypu með
4505 þaki úr borðum, pappa og asbesti; 3 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf úr venjulegri steypu. Innan á útveggjum og loftum er trétexklæðning og
2. múrhúðað yfir. Allar íbúðir hússins eru múrhúðaðar og málaðar og dúkar á gólfum og stigum. – Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með kerlaug og v. s., anddyri, gangur og fastir skápar. Á risheð eru 2 íbúðarherbergi og gangur, súð og skilrúm klædd trétexi, herbergin veggfódruð og dúkar á gólfum; þar er og framloft ófrágengið,
4505 v. s. og vaskur á ganginum. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðklefi með v. s., anddyri og gangur; þar er ennfremur þvottaherbergi og geymsla. Miðstöðvarlögn er í húsinu í sambandi við hitaveitu. Húsið er múrhúðað með skeljasandi. Á því eru tvennar veggsvalir úr steinsteypu.
Stærð: L. 10.6 m., br. 10.0 m., hæð 5.4 m., ris 3.0 m., kjall. 2.6 m.
Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 247.500.00
Kr. 247.500.00

3. Hús Magnúsar Guðnasonar, Efstasund 38, sem fær brbnr. 4506, er íbúðarhús með smíðaslofu (1 herbergi), byggt úr vikurholsteini með steypuramma undir útveggjum. Þak er úr borðum, pappa og járni, skilrúm, loft og gólf úr timbri. Innan á útveggjum eru listar, pappi og trétex. Skilrúm eru tvöföld, klædd ýmist timbri eða trétexi,
4506 veggfódrað bæði veggir og loft. – Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og inngangur. Þar eru dúkar á gólfum, eldhús með rafeldavél og v. s. Í þessum síðasttöldu vistarverum eru veggir og loft máluð og dúklögð gólf. Ennfremur er smíðaherbergið ómálað og óveggfódrað og dúklaust gólf. Ris er óinnréttað, til geymslu. Húsið er múrhúðað utan (fínhúðað).
Stærð: L. 7.6 m., br. 8.4 m., hæð 3.0 m., ris 1.2 m.
Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 38.900.00
Kr. 38.900.00

4. Hús Jensínu Jóhannesdóttur, Fagranes í Hólmslandi, sem fær brbnr. 4507, er sumarbústaður, hlaðinn úr vikur-
4507 holsteini með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Útveggir

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. eru múrhúðaðir utan og innan; gólf og skilrúm eru úr steypu. Loft einangrúð með spónasteypu. Íbúðin er múrhúðuð og máluð með vatnsfarfa. Dúkar eru á gólfum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með kolavél og gangur. Salerni er úti.
Geymsluhús úr timbri og timburklætt er spölkom frá húsinu.
Á þaki þess er vindrafstöð.

4507 Stærð aðalhússins: L. 7.0 m., br. 4.0 m., hæð 2.5 m., ris 1.2 m.
—"— viðbyggingar: " 4.5 ", " 1.5 ", " 2.5 ", " 0.5 "
—"— geymslu: " 1.5 ", " 1.5 ", " 2.4

Húsið með tilheyrandi er metið á	kr.	23.300.00
Geymsluhúsið er metið á	"	300.00
Vindrafstöðin er metin á	"	2.000.00
	Kr.	25.600.00

5. Hús Vilhjálms Jónssonar ofl., Kirkjuteigur 15, sem fær brbnr. 4508, er íbúðarhús, byggt úr vikurholsteini á steinsteyptum kjallara. Þak er úr bordum, pappa og járni; 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm úr vikurplötum. Gluggakista er steinsteypt og somuleiðis í kringum alla gluggakarma. Innan á útveggjum er trétex á rimlum og múrhúðað og málað yfir. Öll skilrúm og loft eru múrhúðuð og máluð. – Á hvorri hæð fyrir sig, sem eru með sama frágangi, eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með keri og v.s., anddyri, gangur og stigagangur. Dúkar eru á öllum gólfum og stigum íbúðanna. Veggsvalir eru út frá hvorri hæð. Rishæð er ósundurhólfuð, að eins til geymslu. Í kjallara, sem er með sama frágangi hvað íbúðina snertir, eru steypt skilrúm. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v.s., anddyri og gangur. Þar er enn fremur þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi og stigagangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim geymsla. Húsið er múrhúðað með skeljasandi.

4508

Stærð hússins: L. 11.7 m., br. 8.2 m., hæð 5.3 m., ris 2.0 m., kj 2.6 m.
—"— útskots: " 8.6 ", " 1.6 ", " 5.3 ", " 1.0 ", " 2.6 "

Húsið ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á	kr.	231.400.00
	Kr.	231.400.00

6. Hús Friðriks Ólafssonar á lóðinni Öldugata 23, sem fær brbnr. 4509, er bílskúr byggður áfast við geymsluhús, sem er á þeirri lóð. Hann er byggður úr bindingi og klæddur utan pappa á veggjum og þaki.

4509

Stærð: L. 5.6 m., br. 3.1 m., hæð 2.5 m., skáþak.

Bílskúr þessi er metinn á	kr.	3000.00
	Kr.	3000.00

7. Hús Stefáns Lárussonar, Vindheimar fyrir ofan Blesugróf / Vatnsveituveg eða Breiðholtsveg, brbnr. 4330, er íbúðarhús byggt 1943 úr bindingi, klætt utan asbestplötum yfir borðaklædningu, bæði veggir og þak. Viðbygging er byggð við húsið 1944, eins og það að öllum frágangi, nema í henni er steinsteypt gólf. Allir útveggir hússins eru klæddir innan með asbestplötum, en gibsplötur eru neðan á loftum. Allt málað. Herbergi eru veggfóðruð. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Þar er kolaeldavél og 1 ofn. Risstafnar eru pappaklæddir. Inngönguskúr er við húsið, byggður úr timbri, piljaður innan, en klæddur pappa á veggjum og þaki.

4330

Fugla- og geymsluskúr er byggður áfast við húsið úr timbri, piljaður innan og stoppaður, en pappavarinn á veggjum og þaki. Hann er hólfaður í tvennt.

Stærð hússins: L. 5.5 m., br. 4.1 m., hæð 2.6 m., ris 0.7 m.
—"— inngskúrs: " 1.8 ", " 1.5 ", " 2.3 ", skáþak
—"— fuglahúss: " 3.2 ", " 3.4 ", " 2.5 ", —"—

Húsið ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á	kr.	14.600.00
Fuglahúsið er metið á	"	2.100.00
	Kr.	16.700.00

8. Húseign Alifuglabús Cakarameistara, Sogamýrarblettur 46 við Háaleitisveg, eru 4 fuglahús og 1 svínahús, er hafa haft brbnr. 3379, 3380 og 3131, en eru nú öll sett undir brbnr. 3131 og auðkennast með stafliðum A–E.

3131.

A er fuglaskúr, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum á veggjum og þaki og múrhúðaður, með trégólfi. Brbnr. áður 3379.
Stærð: L. 10.0 m., br. 5.0 m., hæð 2.0 m., skáþak.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. B. er fuglahús einlyft, áður brbnr. 3380, með skáþaki; byggt úr steinsteypu með járnþaki á pappa- og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplótur og skilveggir eru úr sama; þiljað er neðan á þakbita með panel og stoppað er á milli þiljanna með sagspónum. Gólf er úr steinsteypu. Í húsinu eru 6 hænsnaklefar, geymsluherbergi og gangur. Húsið er múrhúðað utan.
Stærð: L. 32.5 m., br. 5.4 m., hæð 2.3 m., skáþak.

C. er einlyft hænsnahús, áður með sama brbnr. 3131 og áður við Grensásveg, með lágu risi, byggt úr bindingi, klætt utan járni á langböndum, bæði veggir og þak, með pappa í milli. Innan á útveggjabinding er þiljað með panel og stoppað með sagspónum í milli járns og þilja. Steinsteypugólf er í húsinu og timburgólf þar yfir. Í húsinu eru 8 hænsnaklefar, 2 íbúðarherbergi, eldhús, v. s., geymsluklefi og gangur. Allir skilveggir eru úr bindingi með tvóföldum panelþiljum, nema 2, sitt hvorumegin íbúðarinnar; þeir eru úr steinsteypu. Íbúðin er öll
3131 þiljuð innan með panel og olíuborin. Kjallari með steinsteypugólfi er undir íbúðinni, til geymslu.
Stærð: Austurendi: L. 22.5 m., br. 5.7 m., hæð 1.9 m., ris 0.6 m.
—"—: Kjallarans: " 5.8 m., " 5.7 ", " 1.6 "
—"—: Vesturenda: " 28.0 ", " 5.7 ", " 1.9 ", ris 0.6 m.

D. er svínahús, byggt úr bindingi, klætt utan bordum og pappa á veggjum og með járnþaki á pappa- og borðasúð. Í húsinu er steinsteypt gólf og innan á útveggjum eru vikurplótur múrslétlaðar. Gólfbord eru á bitalögum; þar er geymsla. Áður brbnr. 3380 (3268)
Stærð: L. 24.2 m., br. 5.3 m., hæð 2.6 m., ris 1.7 m.

E. er ný álma, byggð hornrétt á eldri hænsnahúsin, úr holsteini á steyptum grunni, með kjallara undir nokkrum hluta hússins. Þakið er úr bordum, pappa og asbesti; en innan á sperrur er klætt asbesti og stoppað í milli. Skilrúm eru öll úr vikurhleðslu, múrhúðuð utan og innan og kölkuð. Eftir húsinu endilöngu er gangur og innangengt úr honum í eldri húsasamstæðuna. Það er hólfað í 6 rúm, sem notuð eru ýmist fyrir fuglahús, fóðurgeymslu eða afgreiðsluherbergi. Húsið er raflýst og vatn er þar einnig. Þetta hús fær sama brbnr. og hin 3131.

8. Stærð E: L. 43.0 m., br. 7.2, hæð 2.5 m., ris 1.0 m.
—"— Kjallara: " 6.0 ", " 7.2, " 2.0 "

Fuglahús A. [a] með tilheyrandi er metið á . . . . . Kr.		15.000.00
—"— B. [b] —"— —"— —"— " . . . . . "		60.600.00
3131 —"— C. [a] —"— —, báðir endar og kjallari, er metið á "		102.900.00
Svínahús D. [b] —"— er metið á . . . . . "		65.200.00
Fuglahús E. [c] —"— —"— " . . . . . "		173.000.00
	Kr.	416.700.00

9. Hús Þormóðs Jónassonar, Grettisgata 43, brbnr. 715, er einlyft íbúðarhús, með porti, risi, kvisti og kjallara, byggt úr bindingi, klætt utan plægdum bordum, listum og járni á veggjum og þaki, en götuhlið múrhúðuð utan. Á aðalhæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðsherbergi með v. s. og gangur. Veggir og loft eru öll múrhúðuð og ýmist veggfóðruð eða máluð. Á efri hæð eru 5 íbúðarherbergi og 2 eldhús með kolaeldavélum og v. s. og gangur; allt með sama frágangi eins og neðri. Kjallari hússins
715 er kladinn úr grásteini og múrhúðaður í hólf og gólf. Þar eru 3 íbúðarherbergi, þvottahús, v. s. og geymsla. Miðstöðvarhitalögn er í kjallara og aðalhæð, en kolaofnar uppi. Við bakhlið hússins er viðbygging úr steinsteypu, 1 hæð og kjallari, með þaki úr bordum, pappa og járni, múrhúðuð innan á útveggi og máluð. Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það; í honum eru 5 gangar.
Stærð aðalhússins: L. 8.9 m., br. 6.7 m., h. 3.7 m., ris 3.6 m., kjall. 2.0 m.
—"— viðbyggingar " 3.2 ", " 2.8 ", " 3.0 " skáþak, " 2.0 "
—"— do " 2.5 ", " 2.8 ", " 5.0 ", ris 1.3 ", " 2.0 "

Hús þetta ásamt viðbyggingum og tilheyrandi er metið á . . . . Kr.		125.500.00
	Kr.	125.500.00

10. Húseign Bjarna Þórðarsonar, Viðimýri (áður Útgarðar) við Kaplaskjólsveg, brbnr. 1952, er 7 hús, auðkennd A–G.
1952 A er íbúðarhús, byggt 1923 úr bindingi, klætt utan bordum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í bindingi er pappi og þiljað innan á. Skilveggir eru allir tvö-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. faldir og nedan á loftbitum eru þiljur; allt lagt striga og pappír og ýmist veggfódrað eda málað. Á aðalhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél og 2 fastir skápar, v.s. og gangur. Á rishæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með kolavél, 3 fastir skápar og gangur. Allt þiljað með panel og málað. Í húsinu er eitt baðherbergi með kerlaug og steypibodi.
Stærð: L. 8.2 m., br. 7.6 m., h. 4.1 m., ris 2.8 m.

B. er geymsluhús byggt 1923 úr bindingi, klætt utan járni á langböndum, budi á veggjum og þaki. Húsið allt er þiljaður innan á binding með pappa og sagspónastoppi í bindingnum. Þar er hvotta og geymsluherbergi hvíttuð. Steinstgólf.
Stærð: L. 6.3 m., br. 2.8 m., hæð 2.5 m., skáþak.

C er heyhlaða, byggð 1940 úr bindingi, klædd utan borðum og járni á veggjum og með járnþaki á langböndum. Þar er trégólf. Stærð: L. 7.8 m., br. 4.8 m., h. 2.0 m., ris 1.1 m.

D. er fugla- og kindaskúr byggður 1940 við vesturhlið hlöðunnar úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Hann er allur þiljaður innan og með trégólfi. Þar eru afþiljaðar nokkrar kindastíur.
1952
Stærð: L. 7.8 m., br. 3.0 m., h. 2.0 m., skáþak.

E er gæsaskúr nýr, byggður við ltr. D úr timbri, klæddur utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er stoppað og þiljað, veggir og þak með 1" klæðningu. Gólf er úr timbri. Stærð: L. 6.9 m., br. 7.0 m., h. 1.8 m., ris 0.8 m.

F er nýr geymsluskúr byggður vestan vert við hús þetta á sama hátt; gólf hans er úr furuplönkum.
Stærð: L. 7.1 m. br. 3.9 m., hæð 2.0 m., ris 1.0 m.

G. er bílskúr nýr, sunnanvert við íbúðarhúsið, byggður að öllu leyti eins og hin húsin, nema að í honum er steypugólf.
Stærð: L. 7.1 m., br. 3.9 m., hæð 2.0 m., ris 1.0 m.

A ásamt tilheyrandi er metið á	kr.	79.000.00
B — " " — " " "	"	6.600.00
C — " " — " " "	"	15.700.00
D — " " — " " —	"	7.000.00
E — " " — " " —	"	17.400.00
F. — " " — " " "	"	8.400.00
Flyt kr.		134.100.00

10.	Flutt:		134.100.00
1952	G ásamt tilheyrandi er metið á	kr.	8.400.00
		Kr.	142.500.00

11. Hús db. Ólafs Briems, Sóleyjargata 17, brbnr. 2243, er í öllum meginatriðum óbreytt frá því það var byggt árið 1926; sjá lýsingu þess 21. okt. 1926.
2243
Stærð aðalhússins: L. 9.0 m., br. 8.2 m., h. 6.0 m., ris 2.9 m., kjall. 2.7 m.
— " — inngönguskúrs: " 2.5 " , " 5.1 " , " 6.0 " , skáþak, " 2.7 "
Hús þetta ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á . . Kr. 189.000.00
Kr. 189.000.00

12. Hús Þorsteins Kristjánssonar, Lauganesvegur 42, brbnr. 2407, er íbúðarhús, byggt 1928 úr steinsteypu með járnþaki á bordasúð með pappa í milli. Þiljað er innan á útveggi og nedan á loftbita. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Allt lagt striga og maskínupappír og ýmist veggfódrað eda málað. Húsið er ein hæð og kjallari, flatt þak. Við það hefir verið byggð viðbótarbygging, framlenging, úr steinsteypu, eins og eldra húsið, með
2407
þaki úr timbri, pappa og steinplötum. Innan á útveggjum hennar eru vikurplötur múrhúðaðar og málaðar, og dúkar á gólfum. Steinsteypt loft er yfir allri kjallarahæðinni. Á aðalhæð hússins eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, og gangur. Niðri eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með koladdavél, v.s., geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur. Húsið er allt múrhúðað utan. 2 íbúðarherbergin eru múrhúðuð og máluð, en 2 klædd timbri, striga lögð og veggfódruð.
Stærð: L. 11.4 m., br. 5.1 m., hæð 3.4 m., skáþak, kjall. 2.0 m.
Hús þetta ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . Kr. 78.300.00
Kr. 78.300.00

13 Hús Jóns Halldórssonar, Þverholt 18 3, brbnr. 2514, er íbúðarhús, byggt 1929 úr bindingi, klætt utan borðum,
2514
pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með kolavél, v.s., geymsla og gangur.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Allt þiljað innan og neðan á loftbita með plægðum panelbordum. Íbúðarherbergin eru lögð striga og vélapappír, bæði veggir og loft og öll er íbúðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Miðstöðvarhitun frá eldavél er í húsinu
2514 Inngönguskúr er við húsið byggður eins og það.
Stærð aðalhússins: L. 8.1 m., br. 4.4 m., hæð 2.9 m. og ris 0.8 m.
—"— inngönguskúrs: " 1.9 ", " 2.2 ", " 2.4 " skápak.
Hús þetta ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á . . . kr. 25.400.00
Kr. 25.400.00

14. Huseign Ara Magnússonar, Laufásvegur sunnan Kennaraskóla, sem fær brbnr. 4510, er hlaða og fjárskúr, byggt úr timbri, klætt utan bordum og járni á veggjum
4510 og járni að mestu leyti á þaki. Innan á nokkuð af útveggjum er þiljað.
Stærð hlöðunnar: L. 7.3 m., br. 3.5 m., hæð 2.3 m. skápak
—"— fjárhúss: " 4.6 ", " 2.3 ", " 2.0 m. —"—
Skúrar þessir með tilheyrandi eru metnir á . . . . . kr. 4.700.00
Kr. 4.700.00

15. Hús Boga Ólafssonar, Miðtún 32, sem fær brbnr. 4511, er einlyft íbúðarhús með risi, byggt úr bindingi á steyptum kjallara. Utan á binding er klætt bordum, pappa og vírneti og múrhúðað yfir með skeljasandi, þak er úr borðasúð, pappa og asbesti. Innan á útveggjum eru vikurplötur og skilveggir allir úr tvöföldum vírlögðum þiljum, allt múrhúðað og málað. Á aðalhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með
4511 rafeldavél, baðherbergi með kerlaug og v. s., skapar, anddyri og gangur. Neðan á veggjum í eldhúsi og baðherbergi er gljápressað og húðað „masoniti" og á gólfum sömu herbergja „masoniti"-slitlag. Dúkar eru á öllum gólfum íbúðanna. – Á rishæð er 1 íbúðarherbergi, veggfóðrað og málað, afþiljuð geymsla og framloft. – Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v. s., þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, and-

dyri og gangur. Steinsteyptar tröppur eru við húsið og undir
15. þeim geymsla. Í því er miðstöð.
4511 Stærð: L. 9.0 m., br. 8.5 m., hæð 2.7 m., ris 2.5 m. og kjall. 2.6 m.
Húsið með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 114.700.00
Kr. 114.700.00

16. Hús Silla & Valda, Hringbraut 149, sem fær brbnr. 4512, er verzlunarhús byggt úr steinsteypu, loft og gólf. Vatnshallapak er á því úr timbri, pappa og járni. Innan á útveggjum eru vikurplötur, allt múrhúðað, spartslað og málað yfir. Á nokkrum hluta búðargólfsins er terassösteypa, en hinn hlutinn, innan búðarbords, er dúklagður.
4512 Á húsinu eru 3 stórar sýningar rúður. Það má teljast einn salur að öðru leyti en því, að smágeymsluklefi og v. s. er þiljað af með þunnu skilrúmi.
Stærð aðalhúss: L. 9.0 m., br. 5.0 m., hæð 3.4 m., skápak.
—"— útskots: " 2.2 ", " 3.1 ", " 3.4 ". —"—
Hús þetta ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 45.700.00
Búðargögn eru metin á . . . . . – 30.000.00
Kr. 75.700.00

Helgi Ásgeirsson Ari Bergsteinn
Valgeir Jánsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1944, 29. desember

matti Helgi Ásgeirsson f. h. H/f. Almennar tryggingar ásamt hinum löggiltu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni til þess, samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. mars 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að virða til brunabóta eftirtaldar hús eignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Hús Kristins Friðrikssonar, Hátún 31, sem fær brbnr. 4513, er íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. Innan á útveggjum er er tex og málað yfir. Skilrúm öll eru steypt sem og kjallari og gólf, en 2 loft og stigi úr járnbentri steinsteypu. Öll eru herbergin múrhúðuð og máluð og dúkar á öllum gólfum.
4513 Á aðalhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með kerlaug og v. s., anddyri og gangur. Rishæð er ósundurhólfuð. Í kjallara, sem er með sama frágangi hvað íbúð snertir, eru 3 herbergi og 1 saumastofa, v. s., þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi, anddyri, gangur og geymsla. Veggsvalir eru á húsinu og steinsteyptar tröppur; undir þeim er geymsla og inngangur í kjallarann. Það er múrhúðuð með skeljasandi.
Stærð hússins: L. 9.2 m., br. 8.5 m., h. 2.6 m, ris 1.5 m, kjall. 2.6 m.
—"— útskots „ 1.1 „ „ 4.2 „ „ 2.6 „ „ 1.0 „ „ 2.6 „
Húsið ásamt útskoti og tilhyrandi er metið á . . . . . kr. 115.700.00
Kr. 115.700.00

2. Hús Sveinbjarnar Einarssonar, Baugsvegur 17A, sem fær brbnr. 4514, er einlyft íbúðarhús með risi, byggt úr bindingi á steyptum grunni með þaki úr borðum, pappa og járni og múrhúðuð utan með skeljasandi. Innan á útveggjum er pappi og
4514. tretex yfir. Skilrúm öll og loft eru úr bindingi klædd tretexi og ýmist veggfóðruð eða máluð. Timburgólf eru ofan á steingólfinu með dúkum á. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., búr og gangur. Það er hitað með rafmagni. Rishæð er ósundurhólfuð, að eins til geymslu.

Viðbygging er við norðurhlið hússins, á steyptum grunni, byggð
2. úr bindingi, klædd járni á langbóndum og þiljuð innan að nokkru leyti; annars ófullgerð.
Stærð aðalhússins: L. 9.7 m., br. 3.8 m., hæð 2.5 m., ris 1.0 m.
4514 —"— viðbyggingar: „ 7.1 „ „ 0.9 „ „ 2.5 „ skáþak
—"— viðb. geym. þvottah: „ 4.0 „ „ 3.2 „ „ 2.5 „ —"—
Hús þetta ásamt viðbyggingum og tilheyrandi er metið á . . . kr. 28.600.00
Kr. 28.600.00

3. Hús Eggerts Davíðssonar, Baugsvegur 1, sem fær brbnr. 4515, er einlyft íbúðarhús með risi, á steyptum grunni, byggt úr bindingi, með þaki úr borðum, pappa og járni og borðum og pappa á veggjum. Innan á útveggi er klætt pappa og tretexi og ýmist veggfóðrað eða málað, sömuleiðis loft og
4515 skilrúm. Timburgólf er ofan á steingólfinu með dúkum á. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s. og gangur. Miðstöðvarketill er í eldhúsi.
Stærð: L. 7.3 m., br. 6.2 m., hæð 2.8 m., ris 1.3 m.
Húsið með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 25.000.00
Kr. 25.000.00

4. Hús Eiríks Gröndals ofl., Rauðarárstígur 9, sem fær brbnr. 4516, er þrílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og asbestplötum; 4 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu. Skilrúm eru ýmist steypt eða hlaðin úr vikurholsteini. Innan á út-
4516 veggjum er vikur-einangrun og íbúðarherbergi öll eru múrhúðuð og máluð. Dúkar eru á gólfum og stigum. Á hverri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús með rafeldavélum, 2 steypibaðherbergi með v. s., stigagangur og 2 gangar. Rishæð er óþiljuð. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi og v. s. með samskonar frágangi og áður getur; ennfr. er þar gangur, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og geymslur. Húsið er múrhúðað með skeljasandi.
Stærð: L. 11.0 m., br. 9.0 m., hæð 8.0 m., ris 1.3 m., kjallh. 2.4 m.
Húsið með öllu tilhyrandi er metið á . . . . . kr. 250.000.00
Kr. 250.000.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Hús Hjörleifs Sigurðssonar, Langholtsvegur 18, sem fær brbnr. 4517, er einlyft íbúðarhús með porti og risi, kjallaralaust, hlaðið úr holsteini á steinsteyptum grunni, með paki úr borðum, pappa, listum og asbesti. Veggir allir eru múrhúðaðir utan og innan. Loft og stigi eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm úr venjulegri steypu. Íbúðarherbergi eru múrhúðuð, en ómáluð. Lýsing þessi nær að eins til aðalhæðarinnar. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafsuðuplötu, anddyri, gangur, þvottaherbergi; þar er miðstöðvarketill, v. s. og steypibaðtæki. Dúkar eru á gólfum tveggja herbergja og gangi. Efri hæðin er með öllu ófullgerð, en hefir þó verið komið fyrir þar uppistöðum að skilrúmum að nokkru leyti.

4517

Stærð: L. 9.0 m., br. 10.0 m., hæð 3.8 m., ris 3.4 m.

Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 72.000.00

Kr. 72.000.00

6. Hús Hallmundar Sumarliðasonar, Hringbraut 7 Selsvör, er einlyft íbúðarhús með risi, byggt úr bindingi á steyptum grunni, með borðum, pappa og járni á paki, en borðum og pappa á útveggjum, nema sjávarhlið, þar er bárujárn. Innan á útveggjum er trétex með álímdum maskínupappa og málað. Timburloft er í húsinu sem og skilrúm, en gólf úr steinsteypu. Niðri er 1 íbúðarherbergi, eldhús með kolavél, gangur, búr og geymsla. Miðstöðvarhitun frá eldavél. Rishæð er ósundurhólfað geymsluloft. Húsið er byggt áfast við bílskúr. Það fær brbnr. 4518.

4518

Stærð: L. 5.0 m., br. 4 m., hæð 2.8 m., ris í mæni 1.4 m.

Útskot „ 5.0 „, „ 2.5 „, „ 2.8 „, skáþak, járnklætt.

Hús þetta ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 15.800.00

Kr. 15.800.00

7. Hús Tréiðjunnar, Fálkagata 13 B (Garðaholtsblettur 4), við Garðaveg, sem fær brbnr. 4519, er trésmiðahús, einn hæð, port og ris, byggt úr vikurholsteini á steyptum grunni, með paki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Veggir eru múrhúðaðir utan og innan. Niðri í húsinu, sem er ósundurhólfuð vinnustofa, eru 3 hefilbekkir og 5-6 hesta rafmagnsaflvélar. Timburloft er þar yfir. Þar er afþiljað herbergi, klætt trétexi. Skilrúm er úr bindingi og sama efni, að öðru leyti ófrágengið. Húsið er hitað með hráolíuofni.

4519

Stærð: L. 10.0 m., br. 7.0 m., hæð 3.7 m., ris 2.5 m.

Húsið með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 40.000.00

Kr. 40.000.00

8. Hús Björns Þórðarsonar, Flókagata 41, sem fær brbnr. 4520, er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr járnbentri steinsteypu, með paki úr borðum, pappa, listum og asbestskífu. Innan á útveggjum er vikureinangrun. Í húsinu eru 3 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm úr venjulegri steypu. Íbúðarherbergi hússins eru múrhúðuð, máluð og með dúkum á gólfum og stigum. A efri og neðri hæð, hvorri fyrir sig, eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með kerlaug og v. s. og gangur. Þaklyfti er að eins notað til geymslu. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, þvottahús, gangur, geymslur og steypibaðherbergi með v. s. Íbúðarherbergin þar eru með sama frágangi og á hæðunum, sem áður er lýst. Þar er ennfr. miðstöðvarherbergi. Útskot eru á húsinu, byggð eins og það. Þar er inn- og uppgangur. Veggsvalir eru á húsinu og tvennar tröppur úr steinsteypu, aðrar með geymslu undir. Húsið er allt múrhúðað utan.

4520

Stærð aðalhúss: L. 13.4 m., br. 8.7 m., hæð 5.6 m., ris 1.5 m., kjall. 2.6 m.

—„— útskots: „ 2.8 „, „ 4.4 „, „ 5.2 „, slétt þak, „ 2.6 „

—„— útskots: „ 4.0 „, „ 1.0 „, „ 3.2 „, —„—, „ 2.6 „

Húsið ásamt útskotum og tiheyrandi er metið á . . . . . kr. 272.700.00

Kr. 272.700.00

9. Hús Húsfélags, Hringbraut 197, sem fær brbnr. 4521, er þrílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með paki úr borðum, pappa, listum og asbestplötum. Innan á útveggjum eru vikureinangrunarplötur. Í húsinu eru 4 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf eru úr venjulegri steypu. Allar íbúðir hússins

4521

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. eru múrsléttaðar og máladar og dúkar á öllum íbúðagólfum og stigum. Á hverri þessara þriggja hæða fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús með rafeldavélum, 2 steypibaðherbergi með v.s., 2 gangar og 2 stigagangar. Rishæð er ósundurhólfuð. Í kjallara eru 8 geymslur, þvottahús, miðstöðvarherbergi, gangur og stigagangur. Á húsinu eru 3 veggsvalir. Það er ekki múrhúðað utan. Hitaveitulögn.

4521

Stærð: L. 12.8 m., br. 10.3 m., hæð 8.1 m., ris 1.5 m., kjall. 2.2 m.

Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 314.400.00

Kr. 314.400.00

10. Hús Húsfélags, Hringbraut 199, sem fær brbnr. 4522, er þrílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr bordum, pappa, listum og asbestplötum. Innan á útveggjum eru vikureinangrunarplötur. Í húsinu eru 4 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf úr venjulegri steypu. Allar íbúðir hussins eru múrsléttaðar og máladar og dúkar á öllum íbúðagólfum og stigum. Á hverri þessara þriggja hæða fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús með rafeldavélum, 2 steypibaðherbergi með v.s., 2 gangar og 2 stigagangar. Rishæð er ósundurhólfuð. Í kjallara eru 8 geymslur, þvottahús, miðstöðvarherbergi, gangur og stigagangur. Á húsinu eru 3 veggsvalir. Það er ekki múrhúðað utan. Hitaveitulögn.

4522

Stærð: L. 12.8 m., br. 10.3 m., hæð 8.1 m., ris 1.5 m., kjall. 2.2 m.

Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 314.400.00

Kr. 314.400.00

11. Húseign Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson, Rauðarárstígur 35, Þverholt, brbnr. 4416, er 2 nýbyggð hús, auk þeirra húsa, sem fyrir eru á lóð þessari með brbnr. 2745, ölgerðarhús virt fyrst 12. maí 1944 og lýst á bls. 241 og geymsluhús byggt úr steinsteypu áfast við hitt og innangengt í milli, með þaki úr bordum, pappa og járni. Steinsteypugólf er í geymsluhusinu, en loft og stigi úr járnbentri steinsteypu. Neðan á loftbita er klætt timbri og fóðrað með pappatexi. Undir loftinu er gild steinsteypustoð. Efri hæð er

4416

ósundurhólfuð, en á neðri hæð er afþiljaður klefi með einföldu timbur skilrúmi. Húsið er múrhúðað utan og innan og hvíttað innan.

11.

Stærð ölgerðarhúss: L. 18.0 m., br. 8.0 m., h. 4.0 m., ris 1.1 m.

4416

— " — geymsluhúss: " 13.5 ", " 10.0 ", " 6.4 ", " 1.2 "

Ölgerðarhúsið var metið 12. maí 1944 á . . . . . kr. 77.000.00

Geymsluhúsið með tilheyrandi er metið á . . . . . " 80.300.00

Kr. 157.300.00

12. Húseign H/f. Chemia, Höfðatún 10, brbnr. 4427, er verksmiðjuhús, metið nýtt 17 maí 1944 og lýst þar á bls. 247 og geymsluskúr nýr, byggður á lóðinni uppað vegg á lóðarmörkum, sem að öðru leyti er skúrnum óviðkomandi. Skúrinn er úr timbri, önnur hlið og báðir gaflar, klæddur bordum og pappa á veggjum og þaki. Í honum er malargólf og er hann þiljaður innan að mestu leyti, bæði á stafi og þakbita, en óstoppaður. Hann er ósundurhólfuð vörugeymsla.

4427

Stærð verksmiðjuhúss: L. 12.7 m., br. 10.8 m., h. 7.0 m., ris 2.5 m., kjall. 2.5 m.

— " — geymsluskúrs " 23.4 ", " 6.5 ", " 2.9 ", skáþak.

Verksmiðjuhusið var metið 17. maí 1944 á . . . . . kr. 164.400.00

Geymsluskúrinn er metinn á . . . . . " 14.300.00

Kr. 178.700.00

13. Hús Ara Þorgilssonar, Grenimelur 19, sem fær brbnr. 4526, er íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr bordum, pappa, listum og steinskífu; 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm eru ýmist úr venjulegri steypu eða hladin úr vikurplötum. Innan á öllum útveggjum eru 7 cm. þykkar vikurplötur og eru íbúðarherbergi öll múrhúðuð og ýmist veggfóðruð eða máluð og dúkar á gólfum öllum. Á aðalhæð eru 2 íbúðarherbergi með hálfskilrúmi á milli, eldhús, v.s., anddyri, gangur og stigagangur. Á efri hæð eru 3 íbúðarherbergi, stigagangur, gangur, baðherbergi með keri og v.s. og stigi upp á rishæð, sem enn þá er að eins til geymslu og að öllu leyti ósundurhólfuð. Í kjallara er 1 íbúðarherbergi, v.s., miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og geymslur. Veggsvalir eru yfir

4526

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

352 útskoti hússins og tvennar skúrasteypuþróppur eru við það og undir
13 öðrum geymsla og inngangur í kjallara. Húsið er múrhúðað með
skeljasandi.
Stærð aðalhússins: L. 8.8 m., br. 7.3 m., hæð 5.6 m., rís 2.5 m., kjall. 2.7 m.
4526 — " útskots: " 4.5 " , " 1.3 " , " 3.2 " , skúrþak , " 2.7 "
Húsið ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á ..... kr. 147.100.00
Kr. 147.100.00

14 Húseign Hlf. Liter & Lökk, Einholt 8, brbnr. 3507, er
A skrifstofu- málningar- og verksmiðjuhús, einlyft með
risi, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa- og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allt er það múrsléttað innan. Þar er stór vinnusalur, kaffistofa, vaktherbergi, skrifstofa, 2 skrifstofur, snyrtiklefi, 2 e.s. og anddyri. Steinsteypugólf er í öllu húsinu og trégólf þar ofan á, nema í vinnusalnum. Innan á þaksperrum er klætt trétexplötum. Í austurenda þess er stór geymslusalur með rimlaloft á skammbitum og dregari undir með H gildum stoðum. Þar er áfast við norðurenda hússins A viðbygging, byggð úr steinsteypu, með járnþaki á pappa- og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allt er það múrsléttað innan. Þar er stór vinnusalur, kaffistofa, vaktherbergi, skrifstofa, 2 skrifstofur, snyrtiklefi, 2 e.s. og anddyri. Steinsteypugólf er í öllu húsinu og trégólf þar ofan á, nema í vinnusalnum. Innan á þaksperrum er klætt trétexplötum. Í austurenda þess er stór geymslusalur með rimlaloft á skammbitum og dregari undir með H gildum stoðum. Þar er áfast við norðurenda hússins
3507 B geymsluhús áfast við verksmiðjuhúsið, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og járni. Kjallari er undir norðurenda hússins. Þar eru kola- og miðstöðvarklefar. Þetta hús er sements þvottið innan og múrhúðað utan.
C lakkeyðuhús með járnþaki á járnbitum, byggt úr steinsteypu, með steyptu gólfi. Þar eru 2 viðbyggingar með járnþaki á langböndum, en að öðru leyti byggðar eins og það,
D geymsluskúr, áfastur við lakkeyðuhúsið, byggður úr steinsteypu, með járnþaki á pappa- og borðasúð.
E vinkilbygging, byggð úr steinsteypu, nema sú hliðin er snýr að verksmiðjulóðinni sjálfri; þar eru veggir aðallega úr bindingi, klæddir utan með borðum. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Þar er malargólf.
Húsið er notað til efnis- og birgðageymslu.
Stærð A: L. 47.1 m., br. 12.4 m., h. 2.6 m., rís 1.7 m.
—"— B: " 12.6 " , " 10.0 " , " 2.6 " , " 1.3 " , kjall. 2.1 m.

14 Stærð C: L. 7.1 m., br. 5.2 m., hæð 4.0 m., steápak
—"— viðb.: " 10.4 " , " 2.2 " , " 3.2 " , —"—
—"— viðb.: " 3.3 " , " 5.2 " , " 2.3 " , —"—
—"— D: " 4.0 " , " 3.2 " , " 2.4 " , —"—
—"— E: " 50.5 " , " 7.0 " , " 2.7 " —"—
Hús A með tilheyrandi er metið á ..... kr. 342.200.00
3507 —"— B —"— —"— —"— ..... " 66.800.00
—"— C ásamt viðbyggingum og tilheyrandi er metið á ... " 20.600.00
—"— D með tilheyrandi er metið á ..... " 2.500.00
—"— E —"— —"— —"— ..... " 47.200.00
Vélar f. samkvæmt lista frá 14/5. 1941 eru virtar á ..... " 29.400.00
Kr. 508.700.00

15. Hús Karls A. Pettersssons (Eggjaveg 1) Smáland
við Suðurlandsbraut, brbnr. 4232, er sumarbústaður, byggður úr bindingi á steinsteyptum grunni, klæddur borðum og pappa á veggjum og þaki. Utan á norðurenda hluta hússins hefir verið strengd vírnet. Húsið er ófullgert að því er snertir viðbygginguna en eldra húsið er óbreytt frá virðingu 15/10. 1943. Í því er 1 íbúðarherbergi veggfóðrað og eldhús þiljað og málað.
4232 Stærð eldra hússins: L. 5.3 m., br. 4.3 m., hæð 2.4 m., rís 0.4 m.
—"— viðbyggingar: " 5.7 " , " 3.4 " , " 2.0 " , " 0.5 "
Húsið ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á ..... kr. 10.500.00
Kr. 10.500.00

Helgi Ásgeirsson Sæm. Bergsteinsson
Valgeir Jónsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1945, hinn 8. janúar

mætti Helgi Ásgeirsson f. h. H/f. Almennar tryggingar ásamt hinum löggiltu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni til þess, samkvæmt lögum nr 1 frá 26. mars 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að virða til brunabóta eftirlaldar húseignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Hús Baldvins Pálssonar Dungals, Miklabraut 20, sem fær brbnr. 4523, er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr járnbentri steinsteypu með þaki úr bordum, pappa, listum og asbestplötum. Innan á útveggi er einangrað með vikurplötum og skilrúm eru ýmist steypt eða hladin úr vikurplötum; 3 loft og stigar eru úr járnbentri steypu, en kjallaragólf og önnur steypa er ójárnbent. Við suðurhlið hússins er bogaútskot. Á neðri og efri hæð, hvorri fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi
4523 með kerlaug og v. s., anddyri, stigagangur og gangur; allt múrhúðað og málað og dúkar á öllum gólfum og stigum. Á gólfi eldhúss og baðhergis efri hæðar eru leirflísar og á neðri hæð á veggjum sömu herbergja. Innan á þaksperrur er klætt pappa og tréteri. Þar er þvottahús með rafmagnspotti, baðker og v. s., 2 herbergi þiljuð tréteri og geymsla með sama frágangi og margir skápar undir súð. Þar er timburstigi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, öll með sama frágangi og á neðri hæðinni, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v. s, anddyri, gangur, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi með potti, geymslur og stigagangur. Aðrar 2 miðstöðvar eru í húsinu, són á hvorri hæð. Undir tröppum hússins er geymsla. Tvennar veggsvalir eru á húsinu. Það er múrhúðað með skeljasandi.

Stærð hússins: L. 14.4 m., br. 9.2 m., h. 5.5 m, ris 3.0 m, kj. 2.6 m.
— " — útskots: " 1.3 ", " 5.2 ", " 5.5 ", " 1.6 ", " 2.6 "
— " — útskots: R = 2.40 = 7.2 m² " 5.5 ", " 1.0 ", " 2.6 "

1. Hús þetta ásamt útskotum og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 325.000.00
4523 Kr. 325.000.00

2. Hús Árna Sigurðssonar, Háteigsvegur 22, sem fær brbnr. 4524, er tvílyft íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, með risi og kjallara. Þak er úr bordum, pappa og steinhellum; 3 loft og stigar eru úr járnbentri steinssteypu. Skilrúm eru ýmist úr venjulegri steypu eða hladin úr vikurhellum. Innan á útveggjum er vikureinangrun og öll íbúðarherbergi eru múrhúðuð og máluð. Dúkar eru á öllum stigum og gólfum. Á hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi,
4524. eldhús með rafvél, steypibaðherbergi með v. s., gangur og stigagangur. Veggsvalir eru við hvora hæð. Rishæð er ósundurhólfuð. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi með samskonar frágangi og áður er lýst, eldhús með rafvél, steypibaðherbergi með v. s., anddyri, gangur, miðstöðvarherbergi, þvottahús og geymsla og stigagangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim inngangur í kjallara. Húsið er múrhúðað utan.

Stærð hússins: L. 9.5 m., br. 8.2 m., h. 5.5 m., ris 2.5 m., kj. 2.6 m.
— " — útskots: " 1.5 ", " 6.0 ", " 5.5 ", " 2.0 ", " 2.6 "
— " — útskots: " 1.4 ", " 4.1 ", " 5.5 ", " 1.3 ", " 2.6 "
Hús þetta með útskotum og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 209.800.00
Kr. 209.800.00

3. Hús Böðvars S. Bjarnasonar, Miðstræti 5, brbnr. 1143, er óbreytt frá síðasta mati 1/11. 1941, sjá lýsingu 3/9. og 16/10. 1907.

Stærð: A íbúðarhús: L. 8.8 m, br. 10.4 m, h. 7.8 m., ris 4.1 m., kjall. 2.2 m.
1143 — " — : " útskots: " 3.6 ", " 11.3 ", " 7.8 ", " 4.1 ", " 2.2 "
— " — : B. geymsluhúss: " 8.2 ", " 3.2 ", " 2.7 "
A. Íbúðarhúsið með útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 250.000.00
B. geymsluhúsið — " — " " " . . . . " 2.800.00
Kr. 252.800.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Hús Ingólfs Guðmundssonar, Efstasund 10, Kleppsholti, sem fær brbnr. 4525, er íbúðar- og brauðgerðarhús, einlyft með risi, hladið úr holsteini á steyptan kjallara, með þaki úr borðum, pappa, listum og asbesti; 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en timburstigi. Kjallaragólf og skilrúm eru úr venjulegri steypu; allt múrhúðað og málað. Á gólfi anddyris og baðherbergis eru leirflísar, en dúkar á hinum öllum. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v.s., anddyri og gangur. Ris má nota til geymslu. Í kjallara eru útveggir einangeadir með vikurplötum, skilrúm steypt, veggir og loft málað. Þar er brauðsölubúð með leirflísalögðu gólfi og bordi og hillum; þar er handlaug, brauðgerðarherbergi stórt með borðum og hillum og 3 íbúðarherbergi með sama frágangi og uppi og dúk á gólfum, anddyri, gangur, steypibaðherbergi með v.s., þvotta- og miðstöðvarherbergi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim geymsla og inngangur í kjallara. Húsið er múrhúðað með skeljasandi.

4525

Stærð hússins: L. 10.2 m., br. 8.0 m., h. 2.6 m., ris 1.5 m., kj. 2.4 m.
— " — útskots: " 4.3 ", " 1.0 ", " 2.6 ", " 1.0 ", " 2.4 "
Hús þetta með útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 119.000.00
Kr. 119.000.00

5. Húseign H/f. Rauðará, Skúlagata 53-55, brbnr. 346, er 4 hús, er auðkennast stafl. A-D.

A er tvílyft íbúðarhús, byggt 1908, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Milligólf er í öllum útveggjum með sagspónum að utan, en pappa og listum að innan. Milligólf er í öllum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi, baðherbergi, 3 gangar og 6 fastir skápar, allt með striga og pappír á veggjum og loftum, allt málað. Þiljað er innan í eldhúsi, geymsluherbergi og baðherbergi með masonitplötum. Dúkar eru á öllum gólfum. Uppi eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi og gangur, 3 skápar,

346

allt með sama frágangi og íbúðarherbergin niðri. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar er einn langveggur og 1½ þverveggur úr steini. Þar eru 2 íbúðarherbergi þiljuð og máluð, vélaklefi með miðstöðvarhitavél, 2 geymslurúm, þvottahús með vatnspotti og gangur. Geymsluherbergin sumpart kalkdregin, en sumpart þiljuð

5.

Stærð: L. 10.0 m., br. 9.4 m., h. 7.2 m., ris 3.8 m. og kjall. 2.5 m.
Hús þetta með öllu tilheyrandi var síðast metið ½ 1943 á . . . Kr. 155.190.00

B Trésmíðahús. Neðri hæð þess er byggð úr hlöðnum grásteini á steinsteypt gólf. Veggir eru múrhúðaðir utan og innan. Efri hæðin er byggð úr bindingi, klædd utan borðum og tjörusandpappír á veggjum og þaki, klætt innan með trétexi, bæði veggir og loft og stoppað með sagspónum á milli. 4 gluggar hafa verið settir á suðurhlið. Timburstigi og loft er í húsinu. Uppi er trésmíðavinnustofa með 3 hefilbektjum, en niðri er timburgeymsla. Hús þetta er áfast við A, en eldvarnarveggur er í milli:

346

Stærð: L. 12.6 m., br. 6.3 m., h. 2.7 m., ris 2.0 m., kjall. 2.5 m.
Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 73.700.00

C er viðbygging áðöst með grásteins- og steypuvegg á milli og járnklæddri hurð. Hús þetta er byggt úr grásteini, með þaki úr borðum, pappa og járni, klætt með texi á loftum, en múrhúðaðir og hvítaðir veggir. Steinsteypt loft er í húsinu og timburgólf ofaná meirihluta þess, en geymslukjallari undir. Hús þetta er trésmíðahús með 35 hestafla vinnuvélum, hólfað ýmist með steypu- eða timburskilrúmum í 2 trésmíðavinnustofur með 3 hefilbektjum í annari, límingaherbergi og kaffistofu.

Stærð: L. 24.0 m., br. 11.0 m., h. 2.8 m., ris 1.0 m., kjall. 2.5 m.
Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 237.800.00

D. er íbúðarhús, byggt úr grásteini uppað þakbrún, en stafnar eru úr bindingi, klæddir utan plægðum borðum, pappa, listum og járni og með járnþaki á pappa- og borðasúð. Milligólf er í bitalögum og pappi og listar innan á bindingi. Á aðalhæð er 1 íbúðarherbergi, þiljað panel og

Flyt: Kr. 466.690.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt: 466.690.00

5. málað og hinn hluti er í sambandi við 6; þar er v.s. og gangur. Þrisvar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, veggfóðrað og málað, en eldhús og gangur klætt panel og málað. 346. Þar er kolaeldavél og 2 kolaofnar. Í skammbálkum er gólf og geymsla. Kjallari er undir hlutanum.
Stærð: L. 6.9 m., br. 7.4 m., h. 3.8 m., ris 3.5 m., kjall. 2.2 m.
Hús þetta, með tilheyrandi er metið á ..... kr. 47.000.00
Kr. 513.690.00

Helgi Ásgeirsson Þórður Bergsteinsson
Valgeir Jónsson

Árið 1945, hinn 29. janúar

mætti Helgi Ásgeirsson f. h. hf. Almennar tryggingar ásamt hinum löggilta virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni til þess, samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. maes 1924 um brunabryggingar í Reykjavík, að virða til brunabóta eftirtalda húseignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Húseign Gunnsteins Jóhannssonar, Efstasund 40, sem fær brbnr. 4527, er einlyft íbúðarhús, byggt úr bindingi á steinskeyptum grunni, með kjallara undir notkeum hluta þess. Þak er úr bordum, pappa, listum og asbesti. Það er klætt utan bordum, pappa, vírneti og múrhúðað. Innan á útveggjum eru viðarplötur og skilrúm eru úr timbri, viðarplötum eða steinsteini, 4527 allt málað, málað og með dúkum á gólfum. Timburloft múrhúðað er í húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, skeytibaðherbergi með v. s., anddyri, gangur og fataskápur. Timburstigi er í kjallara. Þar er þvotta- og miðstöðvarherbergi og geymsla.
Stærð hússins: L. 8.8 m., br. 6.5 m., hæð 3.0 m og ris 1.1 m.
-"- útiskúrs: " 4.3 " " 2.4 " " 3.0 " " 0.8 "
-"- kjallara: " 5.3 " " 3.4 " " 2.2 "
Húsið ásamt útiskúr og tilheyrandi er metið á ..... kr. 65.000.00
Kr. 65.000.00

2. Hús Helgu Nielsdóttur, Miklubraut 1, sem fær brbnr. 4528, er íbúðarhús, byggt úr járnbentri steinskeypu, útveggir og 3 loft og stigar, en kjallaragólf úr venjulegri skeypu. Þak er úr bordum, pappa og asbesti. 4528 Innan á útveggjum eru viðarplötur, pá pappi, listar og vikur. Skilrúm eru úr skeypt eða hlaðin úr viðarplötum, og allar eru íbúðir hússins múrhúðaðar og málaðar, loft og veggir; terrassu-skeypa er á öllum útigjum

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. og eldhúsbordum, inngangi og baðherbergjum. Á aðalhæð
eru 6 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi
með kerlaug og v. s., anddyri, gangur og stigagangur.
Á efri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél,
baðherbergi með kerlaug og v. s., ytri- og innri-gangur og
stigagangur. Rishæð er klædd tréteri á timburskilrúm,
veggir og loft, allt málað og dúkar á öllum gólfum hér eins
og annarstaðar í húsinu. Þar eru 5 íbúðarherbergi, bað-
herbergi með kerlaug og v. s. og gangur; þar er handlaug.
Kjallari er með sama frágangi og aðalhæðinar. Þar eru
6 íbúðarherbergi, steypibaðherbergi með v. s., anddyri og
gangur. Á húsinu eru 4 veggsvalir. Steinsteyputröppur
eru við húsið. Þar er inngangur í kjallara og geymsla. Húsið
er múrhúðað utan með kvartsi og tinnu. Bíl- og geymslu-
4528 skúr er áfastur við húsið, allur steyptur og einangraður með
vikurplötum; hann er hitaður frá húsinu. Steinskilrúm
er eftir honum endilöngum og sá hluti, sem ekki er bílskúr,
er hólfaður í 2 geymslur. Hann er húðaður eins og húsið.
Miðstöð er í húsinu og hitaveitulögn.

Stærð hússins: L. 12.6 m., br. 9.0 m., h. 5.4 m., ris 2.5 m., kj. 2.6 m.
— " — útskots: " 4.5 ", " 1.3 ", " 5.4 ", " 1.2 ", " 2.6 "
— " — útsk., kj. og hæð: " 7.7 ", " 1.3 ", " 2.7 ", " slétt þak " 2.6 "
— " — útsk., 2 hæðir: " 4.5 ", " 1.3 ", " 2.7 ", ris 1.2 m.
— " — bílsk. og geymslu " 7.6 ", " 6.0 ", " 2.7 ", slétt þak.

Húsið ásamt útskotum og tilheyrandi er metið á	kr.	328.000.00
Bíl- og geymslúskúrinn " — " — " " "	"	18.500.00
	Kr.	346.500.00

3. Hús Gísla Jónssonar, Nátún 23, sem fær brbnr. 4529,
er íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með
þaki úr bordum, pappa og járni og múrhúðað utan með skelja-
4529 sandi. Í því eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en skil-
rúm og kjallaragólf er úr venjulegri steypu. Innan á út-
veggjum er asfaltpappi á rimlum, vírnet og múrhúðað
yfir. Öll eru íbúðarherbergin múrhúðuð innan og máluð
og með dúkum á gólfum. Á aðalhæðinni eru 3 íbúðar-

herbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v. s., and-
3. dyri, gangur og stigagangur. Í risi er að eins geymslupláss.
Kjallari er með sama frágangi og hæðin, hvað íbúð snertir og
frágang á útveggjum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með
rafeldavél, v. s., anddyri, gangur, stigagangur, þvottahús og
4529 miðstöðvarherbergi. Steinsteyputröppur eru við húsið; undir
þeim er inngangur í kjallara og geymsla.

Stærð: L. 10.0 m., br. 8.0 m., h. 2.8 m., ris 1.4 m., kjall. 2.6 m.

Húsið með tilheyrandi er metið á	kr.	124.800.00
	Kr.	124.800.00

4. Hús Tómásar Tómássonar á lóð nr. 28 við Rauðar-
árstíg, sem fær brbnr. 4530, er bílskúr byggður úr
steinsteypu, veggir, þak og gólf. Veggir og loft er einangrað
4530 með vikurplötum og múrhúðað yfir. Miðstöðvarhitun er
þar í sambandi við aðalhúsið.

Stærð: L. 9.7 m., br. 4.0 m., hæð 2.9 m., skáþak.

Bílskúrinn er metinn með tilheyrandi á	kr.	14.500.00
	Kr.	14.500.00

5. Hús Þorsteins Einarssonar ofl., Rauðarár-
stígur 30, sem fær brbnr. 4531, er tvílyft íbúðarhús,
byggt úr steinsteypu, með þaki úr bordum, pappa og as-
besti. Innan á öllum útveggjum eru vikurplötur.
Skilrúm eru úr venjulegri steypu, en loft og stigar eru
úr járnbentri steinsteypu. Öll loft og veggir íbúðarher-
bergjanna eru múrhúðuð og máluð og dúkar á gólfum.
4531 Á hvorri hæð fyrir sig og sömuleiðis í kjallara eru 6 íbúðar-
herbergi, 2 eldhús með rafeldavélum, 2 steypibaðklefar með v. s.,
stigagangur og gangur. Íbúðin í norðurenda kjallara er þó
að eins 2 herbergi, en að ödru leyti eins og lýst er. Á rishæð eru
2 íbúðarherbergi, steypibaðklefi með v. s., þvottahús, geymslur
og gangur. Þar er klætt tréteri á binding, múrhúðað og málað.
Tveir veggpallar eru á húsinu og í því er hitalögn. Það er
allt múrhúðað með skeljasandi.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Stærð: L. 13.0 m., br. 10.5 m., h. 5.3 m., ris 2.8 m., kj. 2.5 m.
4531 Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 282.800.00
Kr. 282.800.00

6. Hús Gísla P. Halldórssonar, á lóð nr. 30 við Rauðarárstíg, sem fær brbnr. 4532, er bílskúr byggður úr steinsteypu, bæði veggir, þak og gólf. Veggir og loft er einangrað með vikurplötum og múrhúðað yfir. Miðstöðvarhitun er þar í sambandi við aðalhúsið.
4532 Stærð: L. 9.7 m., br. 4.0 m., hæð 2.9 m., skáþak.
Bílskurinn með tilheyrandi er metinn á . . . . . Kr. 14.500.00
Kr. 14.500.00

7. Hús Sveins Jóhannessonar, Þormóðsstaðavegur, Brúarendi (Grímsstaðaholt), brbnr. 369, er endurbyggt íbúðarhús, tvílyft með risi, byggt úr bindingi, hliðveggur hlaðinn úr holsteini, klætt utan bordum, pappa og vírneti og múrhúðað yfir. Þak er úr bordum, pappa og járni. Innan á útveggjum er pappi, vírnet og trétex. Skilrúm eru úr bindingi, ýmist með tvöfaldri tiétexklæðningu eða 3/4" bordum. Loft eru úr timbri með steinsteypulagi ofan á og dúklögð, en þiljuð neðan á loftbita, lögð
369 striga, pappír og öll eru íbúðarherbergin máluð. Á neðri hæð eru steypt gólf í 2 herbergjum og baðherbergi. Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með v.s. og anddyri. Þó er steypibað á neðri hæð. Kjallari er undir nokkrum hluta hússins. Inn- og uppgönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er timburstigi. Ennfremur er á lóðinni fuglahús, sem áður var fjós, byggt 1943 úr timbri, járnvarið utan, þiljað innan og stoppað á milli þiljanna með sagspónum, þar er steinsteypugólf.
Stærð hússins: L. 9.1 m., br. 9.1 m., hæð 5.7 m., ris 2.0 m.
—"— inngönguskúrs: " 3.3 ", " 2.3 ", " 5.5 ", " 1.0 "
—"— kjallara: " 9.1 ", " 7.7 ", " 1.9 "
—"— fuglahúss: " 6.0 ", " 6.0 ", " 2.6 " skáþak.

7. Húsið ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á . . . Kr. 160.600.00
369 Fuglahúsið var metið 1. apríl 1943 á . . . . . " 4.650.00
Kr. 165.250.00

8. Hús Kára B. Helgasonar, Njálsgata 49B, brbnr. 888, er íbúðarhús einlyft, byggt 1905 úr bindingi, klætt utan plægðum bordum, pappa, listum og járni og með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa í milli. Innan á bindingi er pappi og listar og milligólf í neðra bitalagi. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með gasplötu og fastur skápur og búr, sem allt er þiljað og herbergin með pappa á veggjum, en með striga og pappír á loftum, allt málað. Á risheð er 1 herbergi
888 og 2 smákompur til íbúðar; þar er 1 rafsuðuplata; málað er þar á panelþiljur. Inngönguskúr er við húsið byggður eins og það; þar eru 2 gangar. Hitaveitulögn er í húsinu.
Stærð hússins: L. 6.3 m., br. 6.3 m., h. 3.1 m., ris 2.5 m.
—"— inngöngusk.: " 1.9 ", " 3.1 ", " 2.8 ", " 1.0 "
Geymsluskúr er við húsið, byggður 1943 úr timbri, járnvarinn og þiljaður innan: L. 2.5 m., br. 4.5 m. h. 2.4 m., skáþak.
Húsið ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á . . . Kr. 48.400.00
Geymsluskúrinn er metinn á . . . . . " 1.300.00
Kr. 49.700.00

9. Hús Tryggva Péturssonar, Njálsgata 34, brbnr. 972, er bæði íbúðarhús með útskoti og inngönguskúr, sjá lýsingu 1. sept. 1942 og íbúðarskúr byggður inn á lóðinni úr steinsteypu á steyptum grunni, með þaki úr bordum, pappa og járni. Skilrúm eru ýmist steypt eða úr bindingi,
972 klædd trétexi. Innan á útveggjum er pappi á rimlum, klætt trétexi, veggir og loft, límt yfir með pappír og málað. Dúkar eru á gólfum. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v.s. og anddyri. Leirflísar eru kringum vask. Skúrinn er ómúrhúðaður að nokkru.
Stærð aðalhúss: L. 11.6 m., br. 6.4 m., h. 5.7 m., ris 2.6 m., kjall. 2.1 m.
—"— útskots: " 2.6 ", " 4.0 ", " 5.7 ", " 2.6 ", " 2.1 "
—"— inngskúrs: " 3.0 ", " 1.6 ", " 6.6 ", skáþak. " 2.1 "

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Stærð íbúðarskúrs: L. 7.8 m., br. 3.0 m., h. 2.6 m., skápak.
972 Íbúðarhúsið ásamt útiskúr og inngönguskúr og tilheyrandi var metið 1/12. kr. 97.610.00
Íbúðarskúrinn með tilheyrandi er metinn á . . . . . " 15.000.00
Kr. 112.610.00

10. Hús dh Guðmundar Jónssonar og Jóns Guðmundssonar, Bergstaðastræti 32B, brbnr. 1041, er einlyft íbúðarhús, með risi og kjallara, byggt úr bendingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, listum og járni á 3 vegu. Eldvarnargafl er að sunnanverðu. Þak er úr plægðum borðum, pappa, listum og járni. Í alla útveggi er fyllt með sagi og milligólf er á neðri hæðinni. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur og forkur skápur. Allt þiljað, strigalagt og úrmálað veggfóðrað eða málað. Í skápunum eru gólfborð. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum er 1 íbúðarherbergi, eldhús, skápur og gangur. Allt með sama frágangi og á aðalhæðinni. Reykrör eru fyrir 2 geymsluofnar.
1041 Stærð: L. 6.7 m. br. 5.7 m., h. 3.1 m., ris 2.2 m., kjall. 2.5 m.
Inngönguskúr er við vesturhlið hússins, byggður eins og það.
Stærð: L. 2.2 m., br. 1.9 m., h. 2.5 m., skápak, kjallari 2.5 m.
Húsið ásamt inngönguskúr og tilheyrandi var metið 1/8. 1941 á . . kr. 17.045.00
~~Geymsluskjallar er byggður úr bendingi, klæddur utan járni á bangsborðum á veggjum og þaki.~~
~~Stærð: L. 4.5 m., br. 2.7 m., hæð 1.8 m., skápak. Virt 1941 á . . " 550.00~~

Jón Guðmundsson hefir nú byggt viðbyggingu við sinn húsenda, norðurgaflinn. Hún er hlaðin úr holsteini á steinsteyptan kjallara. Loft er úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf er úr venjulegri steypu. Þak er úr borðum, pappa, listum og asbesti. Í efri hæð eru 2 íbúðarherbergi. Skilrúm er úr eikurplötum, en loft úr asbestplötum. Innan á útveggi og skilrúm er múrhúðað og bæði herbergin máluð og dúkar á gólfum. Innangengt er í eldra húsið. Kjallarinn er hólfaður í tvennt með steypuskilrúmi; þar er geymsla. Húsið er sléttþiljað utan.
Stærð: L. 4.2 m., br. 5.7 m., hæð 3.0 m., skápak, kjall. 2.5 m.
Viðbyggingin með tilheyrandi er metin á . . . . . kr. 73.100.00
~~Kr. 90.695.00~~
Kr. 90.145.00

11. Hús Stefáns Þ. Sigurjónssonar við Klifveg, Fossvogsblettur 40, brbnr. (1939) er íbúðarhús úr timbri, klætt utan plægðum borðum á veggjum og með járnþaki á pappa- og borðasúð. Steinsteyptur rammi er undir forskyktjum. Í bendingi er pappalag og spónaplötur að nokkru leyti. Skilrúm eru úr bendingi og klætt á þau beggja megin, veggfóðruð íbúðarherbergin og loft máluð; gólf eru dúklögð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v.s. og 2 anddyri.
1937 Það er múrhúðað utan. Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Viðbygging er einnig við húsið, byggð úr timbri og með járnþaki. Þar er þvottahús með potti. Í henni er steinsteypugólf og er hún múrhúðuð utan og innan. Þar er geymsla í öðrum endanum. Miðstöðvarhitun er í húsinu. Brbnr. 1937.
Stærð íbúðarhúss: L. 6.3 m., br. 6.5 m., hæð 2.8 m., ris 1.0 m.
" " inngönguskúrs: " 1.0 ", " 1.0 ", " 2.2 ", skápak
" " þvottahúss: " 2.0 ", " 2.5 ", " 2.2 ", " "
Húsið ásamt inngönguskúr, þvottahúsi og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 29.400.00
Kr. 29.400.00

12. Hús sira Jóns Skagans ofl., Sólvallagata 54, brbnr. 2253, er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og járni. Í húsinu eru 3 loft (eru) úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir hans og neðri hæðar eru úr venjulegri steypu, allt múrsléttað. Í neðri hæð eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s. og 2 anddyri. Innan á útveggjum er borðaglerað með pappa á,
2253 listum og þiljum þar innan á, höfðum strigi og silkipappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Efri hæðin er einangruð með pappa á listum og klætt yfir með tréull og máluð yfir, loft og veggir, sem ýmist eru steypt eða múrhúðuð timbureskilrúm. Dúkar eru á öllum gólfum. Þar eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með keralaug og v.s., stigagangur og gangur. Timburstigar eru bæði upp á háaloftið og eins upp á risið. Á risinu eru 2 íbúðarherbergi, og gangur, varsker, þvottahús og geymslur í öðrum endanum. Skilrúm eru þar úr timbri og allt klætt tréull og máluð, bæði veggir og loft. Dúkar eru á gólfum

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. íbúðarherbergja. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, fastur skápur, v.s. og gangur. Allt þetta er með sama frágangi og á nedri hæð hússins, nema hvað í íbúðarherbergjunum er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Þar er auk þess þvottaherbergi og opinn gangur í gegnum húsið. Steinsteyputröppur
2253 eru við austurhlið hússins og undir þeim gangur inn í aðalkjallarann, v.s. og geymsluklefi. Stigar upp á nedri hæð eru úr timbri. Húsið er allt múrsléttað utan.
Stærð: L. 13.9 m., br. 8.2 m., h. 8.4 m., ris 2.5 m., kjall. 2.6 m.
Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 290.200.00
Kr. 290.200.00

13. Húseign efnaverksmiðjunnar Júnó h.f. við Hlíðarveg, Melavellir, brbnr. 2775, er íbúðarhús byggt 1930 og efnaverksmiðjaný, byggð upp úr peningshúsum og hlöðum. Íbúðarhúsið er einlyft með porti, risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa- og borðasúð. Í því eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir í kjallara og á aðalhæð eru úr venjulegri steypu, allt múrsléttað. Á aðalhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og geymsluklefi, anddyri og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og piljum þar innan á lögðum striga og veggjapappír, allt ýmist veggfóðrað eda málað; dúkar eru á öllum gólfum. Á rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Skilveggir eru hér úr bindingi með tvöföldum piljum og piljað er einnig nedan á skammbita og innan á þaksperrur. Allar piljur eru strigalagdar og öll er þessi hæð ýmist veggfóðrað eda málað innan. Í kjallara er 1 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, geymsluherbergi og gangur. Stigar eru úr timbri. Rafeldavélar eru í öllum eldhússum og midstöð til upphitunar. Kennfremur eru 2 salerni í húsinu. Kjallari er með sama frágangi og hinar hæðinar.
2775
Stærð íbúðarhússins: L. 9.8 m., br. 6.5 m., h. 3.7 m. ris 3.4 m., kj. 2.4 m.
Húsið með öllu tilheyrandi var síðast metið 21/11. 1934 á . . kr. 19.700.00
Efnaverksmiðjan er tvílyft hús með risi og kjallara.
Flytt: 19.700.00

Flutt: 19.700.00

13. Hún er byggð upp úr peningshúsum og hlöðu úr steinsteypu og er ekki fullgerð. Loft úr járnbentri steinsteypu hefir verið sett í þann hlutann, sem ádur var hlada. Innan á útveggjum eru rimlar, pappi, borðaklæðning, vírnet og múrhúðað yfir.
2775 Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf úr venjulegri steypu. Þak er úr borðum, pappa og járni. Hús þetta er í smíðum og notað til málningagerðar ofl. Gufuketill er í húsinu.
Stærð: L. 16.0 m., br. 15.0 m., h. 8.0 m., ris 2.2 m.
Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 174.700.00
Kr. 194.400.00

14. Húseign Korkiðjunnar hf., Skúlagata 57, brbnr. 4010, er verksmiðjuhús og geymsluskúr. Verksmiðjuhúsið var byggt 1942, sjá lýsingu þess 1. okt. 1942.
Stærð: L. 13.6 m., br. 11.0 m., h. 6.4 m., ris 1.7 m. Virt 1/10. 42 á kr. 136.320.00
Geymsluskúrinn er hladinn úr holsteini, önnur hlið, annar endinn er við aðalhúsið, en hin hliðin er steinsteyptur
4010 veggur á lóðarmörkum. Þakbitar eru úr borðabindingi, klæddir borðum, pappa og járni. Steinsteypt gólf er í skúrnum; hann er hólfadur í tvennt og eru skilrúm ýmist úr texi eda vikursteypu. Hann er múrhúðadur á framhlið.
Stærð: L. 32.0 m., br. 6.0 m., h. 4.0 m., skáþak
Stærð girðingar umlóðina úr timbri: L. 29.3 m., h. 2.2 m.
Geymsluskúrinn með tilheyrandi er metinn á . . . . . kr. 61.200.00
Girðingin er metin á 2.900.00
Kr. 200.420.00

15. Hús Sigurðar Sigurbjörnssonar, Rauðararstígur 26, brbnr. 4094, er íbúðarhús og bílskúr. Íbúðarhúsið er óbreytt frá síðustu virðingu 1. mars 1943; sjá lýsingu þess s.d.
4094 Stærð: L. 10.0 m., br. 9.5 m., h. 5.6 m., ris 3.0 m., kjall. 2.5 m. Virt 1/3. 43 á kr. 150.250.00
Bílskúrinn er byggdur úr steinsteypu, bæði veggir, þak og gólf. Innan á veggjum og lofti er vikureinangrun og múrhúðað yfir. Hann er hólfadur í tvennt. Í öðrum enda er 1 íbúðarherbergi, múrhúðað og málað og með dúk á gólfi.
Flytt: 150.250.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt: 150.250.00

15. Þar er inngangur afþiljaður. Hinn endinn er notaður til geymslu. Meðfram tveim veggjum eru hillur. Skúrinn er
4094. múrhúðaður utan. Stærð: L. 9.7 m., br. 4.0 m., h. 2.9 m., skáþak.
Bílskúr þessi er metinn með tilheyrandi á . . . . . Kr. 16.800.00
Kr. 167.050.00

Helgi Ásgeirsson Jóni Bergsteinssyni
Valgeir Jónsson

Árið 1945 hinn 10. febrúar

mætti Helgi Ásgeirsson f. h. Hff. Almennar tryggingar ásamt hinum löggiltu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni til þess, samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. mars 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að vizða til brunabóta eftirtaldar húseignir í í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Hús Sigurjóns Jónssonar, Efstasund 58, sem fær brbnr. 4533, er einlyft íbúðarhús á steyptum grunni, byggt úr holsteini og múrhúðað utan með skeljasandi. Þak er úr borðum, þappa og asbesti, skilrúm úr vikurplötum; loft eru steypt. Öll íbúðarherbergi eru múrhúðuð og máluð og gólf dúklögð. Í húsinu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafplötu, steypibaðherbergi með v. s.,
4533 anddyri, gangur og geymsluherbergi. Kjallarahola er undir liklum hluta þess; þar er miðstöðvarketill.
Stærð: L. 10.8 m., br. 7.3 m., hæð 3.0 m. og ris 1.0 m.
— — útsk. " 4.3 " , " 2.0 " , " 3.0 " " " 0.7 "
Bílskur er byggður uppað húsinu úr holsteini, með þaki úr borðum og pappaklætt. L. 6.5 m., br. 4.3 m. og hæð 2.5 m.
Húsið ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . Kr. 70.000.00
Bílskúrinn er metinn á . . . . . " 6.300.00
Kr. 76.300.00

2. Hús Emíls Hjartarssonar, Langholtsvegur 22, sem fær brbnr. 4534, er einlyft íbúðarhús með risi, byggt úr vikurholsteini á steinsteyptum kjallara, með þaki úr borðum, þappa og asbesti. Innan á útveggi er
4534. hlaðið vikurhellum og skilrúm eru ýmist steypt eða hlaðin úr vikurhellum; 2 loft og stigi er úr járnbentri steinsteypu. Öll íbúðarherbergi eru múrhúðuð og máluð, með dúkum á gólfum. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v. s., anddyri

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. og gangur. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v.s., anddyri og gangur, allt með samskonar frágangi og á hæðinni; auk þess er þar þvottahús, meðstöðvarherbergi og geymsla. Steinsteyputröppur eru við húsið og er undir þeim inngangur í kjallarann og geymsla. Þaklyfti er að eins til geymslu. Stærð: L. 9.3 m., br. 8.0 m., h. 2.7 m., ris 1.6 m., kjall. 2.5 m.

4534. Trésmíða- og verzlunarskúr er á lóðinni, hladinn úr vikurholsteini á steyptum grunni. Þak er úr bordum, pappaklætt. Skúrinn er hólfadur í tvennt með slípudum asbestplötum. Í öðrum enda hans er smíðaherbergi með rafmagnsvélum, c. 2 hestafla. Í hinum endanum er fisksolubúð. Þar er afþiljuð smákompa. Skúrinn er múrhúðadur utan. Stærð: L. 10.0 m., br. 4.0 m., h. 2.9 m., skáp.

Húsið með tilheyrandi er metið á	kr.	98.400.00
Skúrinn með tilheyrandi er metinn á	"	10.800.00
	Kr.	109.200.00

3. Hús Sigurðar Br. Jónssonar, Suðurlandsbraut, Árbæjarblettur 47, sem fær brbnr. 4535, er einlyft sumarhús úr timbri á steyptum grunni, klætt utan bordum, pappa

4535. á veggjum og þaki. Húsið er ófullgert, að eins búið að slá upp fyrir 4 íbúðarherbergjum.

Stærð: L. 6.7 m., br. 4.8 m., hæð 2.6 m., ris 1.0 m., valmaþak.

Húsið með tilheyrandi er metið á	kr.	9.700.00
	Kr.	9.700.00

4. Hús Guðmundar Grímssonar, Laugavegur 100, sem fær brbnr. 4536, er prélyft iðnaðar, verzlunar- og íbúðarhús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, með þaki

4536 úr bordum, pappa og asbesti, múrhúðuð utan með kvarti og tinnu. Innan á útveggjum eru vikurplötur. Í því eru 4 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og flestir skilveggir eru úr venjulegri steypu, en að öðru leyti úr vikurplötum, þó eru kjallaraskilrúm og 1. og 2. hæðar

að mestu steypt. Á aðalhæð eru 3 sölubúðir með 6 stór-

4. um sýningarrúðum, veggir og loft múrhúðað og málað. Þar er auk þess inngangur á efri hæðir hússins, stigagangur og lyftuklefi frá kjallara og upp á aðra hæð. Kvarnarsteypa er á inngangínum. Í sölubúðirnar hafa ekki enn verið settar neinar hillur eða skápar. Ennur hæð er eingöngu notuð til húsgagnagerðar. Þar er trésmíðasalur með 5 hefilbekkjum, bólstrunarvinnustofa, snyrtiklefi með v.s. og lémingaofn. Vinnuherbergi þessi eru fínhúðuð og kvéttuð. Þriðja hæð er eingöngu notuð til íbúðar. Þar eru 8 íbúðarherbergi, múrhúðuð, máluð og dúklögð, 2 eldhús með rafeldavélum, 2 baðherbergi með kerum og v.s., 2 gangar og stigagangur.

4536. Í svefnherbergi er stór, fastur skápur með spónlagðri framhlið. Gólf og stigar eru dúklögð. Ris er að eins notað til geymslu. Í kjallara, sem er einangradur eins og húsið og fínhúðadur, er trésmíðasalur með c. 5 hestafla vinnuvélum og 1 hefilbekk, þvottaherbergi, v.s., hitalagnarklefi, lyftuklefi, geymslurúm mikið og stigagangur. Þrennar veggsvalir eru á húsinu.

Stærð hússins, 1. álmu: L. 14.9 m., br. 10.0 m., h. 8.9 m., ris 1.0 m., kj. 2.4 m.
— " — 1. hæð og kjall. 2. álmu: " 12.8 ", " 5.7 " " 3.4 ", " 2.4 "
— " — 2. og 3. hæð. 2. álmu: " 10.7 ", " 5.7 " " 5.5 ", ris 1.0 m.

Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á	kr.	568.700.00
	Kr.	568.700.00

5. Hús Þorleifs Eyjólfssonar, Kjallaland við Kaplaskjólsveg, brbnr. 1771, er óbreytt frá síðustu lýsingu og virðingu 1. júní 1942 í öllum aðalatriðum.

Stærð hússins: L. 7.6 m., br. 8.4 m., h. 3.2 m., ris 4.1 m., kj. 2.3 m.
1771 — " — inngsk.: " 2.3 ", " 4.3 ", " 3.5 " þaksvalir " 2.3 "
— " — útskots: " 4.8 ", " 3.4 ", " 3.2 ", ris 3.0 m. " 2.3 "
— " — fjóss: " 4.8 ", " 6.3 ", " 1.8 ", " 1.5 "
— " — svínah.: " 13.3 ", " 7.9 ", " 1.8 ", " 1.5 "

Húsið ásamt inngönguskúr, útskoti og tilheyrandi er metið á . .	kr.	121.000.00
Fjós og svínahús með tilheyrandi er metið á	"	29.200.00
	Kr.	150.200.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Hús Helgu Larsen, Hjalli við Sogaveg (Sogamýrarblettur 31), brbnr. 3174, er íbúðarhús óbreytt frá síðasta mati og lýsingu 21. okt. 1933 og peningshús ásamt hlöðu.
Stærð hússins: L. 6.5 m., br. 6.0 m., h. 3.1 m., ris 1.9 m., kjall. 1.9 m.
Húsið ásamt tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 42.900.00

Gripa- og fuglahúsið er byggt úr spónasteypu á steinsteyptum grunni. Þakið er úr bordum, pappa og járni. Innan á veggi er múrhúðað og klætt timbri innan á sperrur og stoppað í milli. Í því er timburskilrúm. Í ödrum enda þess er
3174 fuglahús, en í hinum endanum er fjós með 3 básum og afþiljað með rimlum fyrir hænzni. Húsið er ómúrslíttað utan, en kvíttað innan.
Stærð: L. 11.3 m., br. 4.7 m., h. 2.4 m., ris 1.0 m.
Peningshús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 12.800.00

Hlaðan er áföst fjósinu með timburvegg í milli. Hún er úr timbri, klædd utan bordum, pappa og vírneti á veggjum, en járni á þaki.
Stærð: L. 7.0 m., br. 3.5 m., h. 3.3 m., ris 1.2 m.
Hlaðan er metin á . . . . . Kr. 4.600.00
Kr. 60.300.00

7. Húseign hf. Korkiðjan, Skúlagata 57, brbnr. 4010, er verksmiðjuhús og geymsluskúr, auk girðinga úr timbri og steinsteypu. Verksmiðjuhúsið er óbreytt frá lýsingu 1/10. 1942.
Stærð: L. 13.6 m., br. 11.0 m., h. 6.4 m., ris 1.7 m.
Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 161.500.00
4010 Geymsluskúrinn er óbreyttur frá lýsingu 29. jan. 1945
Stærð: L. 32.0 m. br. 6.0 m., h. 4.0 m. skafak. Metinn 29/1. 1945 á Kr. 61.200.00
Girðing úr timbri, l. 29.3 m., h. 2.2 m., metin 29/1. 1945 á . . . „ 2.900.00
Girðing úr steinsteypu, l. 25.6 m., h. 2.2 m., metin á . . . . „ 3.800.00
Kr. 229.400.00

8. Hús Guðna Bjarnasonar, Miðtún 60, brbnr. 4024, er óbreytt frá lýsingu 1. okt. 1942.
4024. Stærð: L. 9.0 m., br. 8.5 m., h. 2.8 m., ris 2.5 m., kjall. 2.5 m.
Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 117.500.00
Kr. 117.500.00

9. Hús Jóhanns Indriðasonar, Sogavegur 158, brbnr. 4292, er íbúðarhús einlyft með risi og kjallara undir nokkrum hluta þess, byggt úr timbri á steinsteyptum kjallara. Þak er úr bordum og pappa og azbesti. Utan á útveggjum er timburklædning, pappi, vírnet og múrhúðað yfir, en þó ekti fullfrágengið. Innan á útveggi er klætt fjölum og stoppað
4292 með tréspónum í milli. Steypt gólf er yfir kjallara, en timbur hið efra, sem og stigi. Skilrúm eru úr timbri. Loft og veggir herbergja eru strigalögð og ýmist veggfóðruð eða máluð. Húsið er upphitað með rafmagni. Niðri eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., anddyri og gangur; dúkar á gólfum. Uppi eru 3 herbergi og v. s., baðherbergi með kerlaug, allt með sama frágangi og niðri. Húsið er hvorki vandað né fullklárað. Kjallarinn er til geymslu.
Stærð: L. 10.0 m., br. 7.1 m., h. 3.0, ris 3.8 m.
— „ — kjallara: L. 10.0 m., br. 4.0 m. h. 1.8 m.
Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . Kr. 64.500.00
Kr. 64.500.00

Helgi Ásgeirsson Ari Bergsteinn
Valgeir Jónsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1945, hinn 8. mars

matti Helgi Ásgeirsson f. h. Hf. Almennar tryggingar ásamt hinum löggiltu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni til þess, samkvæmt lögum nr 1 frá 26. mars 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að virða til brunabóta eftirtaldar húseignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Húseign G. Skúlason & Heiðberg hf., Þóroddstaðir við Reykjanesbraut, brbnr. 2384, er áður var íbúðarhús, fjós og hlaða, er nú íbúðar- og trésmíðahús og vélavinnustöð. Íbúðarhúsið er byggt úr steinsteypu með þaki úr pappa, borðasúð og járni. Á aðalhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með v. s., anddyri og gangur með timburstiga. Gólf og loft er úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir úr venjulegri steypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa, listum og þiljum
2384 þar innan á, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Dúkar eru á gólfum. Á paklyfti er sama herbergjaskipun. Skilrúm eru ýmist úr steinsteypu eða bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er neðan á skambita og innan á sperrur. Frágangur herbergja er sami og á aðal nedri hæð. Á skammbitum er gólf. Þar er þurkloft og geymsla.

Hlöðunni, sem er byggð eins og húsið að öðra frágangi, hefir verið breytt í trésmíðavinnustofu og vélasal. Í hana hefir verið sett loft úr járnbentri steinsteypu og annað ofar úr timbri. Í kjallara hússins er vörugeymsla, skrifstofuherbergi klætt trétexi, inngangur, miðstöðvarherbergi. Undir þeim hluta, sem áður var fjós og hlaða, er trésmíðavinnustofa, gangur og v. s. Á aðalhæð þessara húsa eru trésmíðavinnusalir. Í rishæð er timburgeymsla. Þar eru 2 herbergi klædd trétexi. Á skammbitum er gólf. Þar er timburgeymsla. Stigar eru úr timbri. Í verksmiðjunni eru 6 hefilbekkir og c. 33 hestafla vinnu-

vélar. Húsið er múrhúðað utan. x) – Viðbót hefir verið gerð við
1. norðurgaflinn, á þann hátt, að steypt hefir verið ofan á húsagarð og byggt yfir sundið milli húss og veggja. Þakið er úr borðum, pappa og járni og er klætt trétexi neðan á loftbita. Viðbygging þessi er einn vinnusalur. Í annan enda hans er bílgeng innkeyrsla. Gólf er úr steinsteypu og timbur yfir.

x) Stærð xx) hússins: L. 19.0 m., br. 7.9 m., h. 4.0 m., ris 3.9 m., kjall. 2.5 m.
xx) – – viðbygg.: – 22.7 –, – 3.8 –, – 3.2 –, skáþak.

2384 Húsið ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . kr. 260.300.00

Geymsluskúr fylgir húsinu, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Hann er þiljaður innan og stoppaður og hólfaður í tvennt.
Stærð: L. 10.7 m., br. 5,1 m., hæð 2,3 m., skáþak.
Skúr þessi var síðast metinn 21. maí 1940 á . . . . . kr. 1.890.00
Vélar samkvæmt lista . . . . . – 108.100.00
Kr. 370.290.00

2. Hús db. Sigrúnar Gestsdóttur, Grjótagata 4, brbnr. 65, er íbúðarhús úr timbri, byggt 1904. Það er klætt utan kantsettum borðum, pappa og járni á veggjum og með járnþaki á kantsettri súð. Niðri í húsinu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur, sem allt er þiljað og 3
65 herbergin með pappa á veggjum og 1 með pappa og striga á lofti, allt málað. Uppi er sama herbergjaskipun og annar frágangur. Kolaofnar eru til upphitunar og engin eldavél. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 herbergi og gangur, þiljað og málað og 2 geymsluklefar. Í kjallaranum er stundaður trésskurðariðnaður. Tvöfalt timburgólf er í 2/5 hlutum hans og steinsteypugólf í 3/5.
Stærð: L. 8.2 m, br. 8.2., h. 5.5 m, ris 1.2 m., kjall. 2.2 m.

Við vestargaflinn er inngönguskúr, byggður eins og húsið, þiljaður og málaður innan. Stærð: L. 1.6, br. 1.9, h. 4.7, kj. 2.2, skáþ.
Húsið ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á . . . kr. 72.300.00
Girðing úr timbri, lengd 21.6 m, hæð 1.2 m., er metin á . . . . . – 500.00
Kr. 72.800.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Hús Odds Helgasonar heildsala, Þingholtsstræti 34, brbnr. 583, er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara, byggt 1900 úr timbri, klætt utan með tvöföldri, plægðri borðaklæðningu, pappa og járni og með járnþaki á plægðri borðasúð; allir veggir eru meirháttar að utan. Niðri í húsinu eru 3 herbergi, auk eldhúss og búrs, allt þiljað og málað og strigi með álímdum veggjapappír innan á þiljum í herbergjum og niðan á loftum, sem eru þrefölð. Uppi eru 6 herbergi, öll þiljuð og máluð tvöfeirna með veggjapappír innan á þiljum og niðan á loftum, sem eru þrefölð. Á efsta lofti er 1 herbergi þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu, hólfaður í sundur, og steinsteypugólf í honum öllum. Þar er steinmilliveggð eftir endilöngu. Burðingarstólpum eru í öllu húsinu. Gólf í inngöngu aðalhurðar og í einni stofu er úr eikarkubbum. Á efri hæð er 1 fastur skápur úr eik og eikarstigi er í kjallara; þar er 1 íbúðarherbergi með eikarkubbagólfi.

583

Stærð: L. 10.0 m., br. 8.8 m., h. 6.4 m., ris 2.5 m., kjall. 2.0 m.

Við suðurgafl hússins er viðbygging, byggð eins og það.

Stærð: L. 2.2 m., br. 4.6 m., h. 3.4 m., skápak.

Við norðurgafl er inngönguskúr, byggður eins og húsið.

Stærð: L. 2.0 m., br. 2.6 m., h. 3.4 m., skápak, kjallari 2.0 m.

Við austurhlið er inngöngu- og geymsluskúr, byggður úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á síðu. Allur þiljaður og málaður innan.

Stærð: L. 6.7 m., br. 2.5 m., h. 3.0 m., skápak.

Húsið ásamt viðbyggingu, skúrum og öllu tilheyrandi er metið á kr. 212.400.00

Bílskúr úr steinsteypu í hólf og gólf, meðhöndlaður utan.

Stærð: L. 5.7 m., br. 3.7 m., h. 2.6 m., slétt þak. Hann er metinn á kr. 5.500.00

Kr. 217.900.00

4. Hús Ásgeirs Ólafssonar, Vonarstræti 12, brbnr. 1202, er tvílyft íbúðar- og steinsteypuhús, vel viðhaldið með hitalögn. Á aðalhæð hefir verið útbúið eldhús og skyggð baðklefi og einu v. s. í kjallara. Að öðru leyti er hús þetta í upprunalegri mynd óbreytt frá byggingarlýsingu frá 4. apríl 1917; sbr. einnig samþykkta breytingu 3. apríl 1920.

1202

H. Stærð aðalhússins: L. 13.2 m., br. 11.6 m., h. 7.7 m., ris 5.8 m., kj. 2.5 m.
" " viðbyggingar: " 7.2 - " 6.3 - " 3.8 - skápak, " 2.5 -
1202. Húsið ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á ..... kr. 451.000.00
Kr. 451.000.00

5. Hús Kristins Magnússonar og Guðm. H. Jónssonar, Skaðarhóll við Garðhúsveg, brbnr. 2315, er einlyft íbúðarhús með porti og risi, 4 kvistum og kjallara. Viðbyggingin við norðurgaflinn hefir verið hækkuð í fulla hæð við húsið og sett ris á hana og 2 kvistir. Húsið er byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Útveggir eldra hússins eru klæddir sellotexplötum en viðbyggingin er með pappalagi í útveggjabindingi, listum, vörlögðum þiljum, múrsléttuðum og máluðum. Útveggir eru úr bindingi með tvöföldum timburþiljum. Þiljað er einnig niðan á loftbita, innan á sperrur ris-
2315 hæðar og niðan á skammbita, ýmist með borðum eða Tex. Allar timburþiljur eru strigalagðar og báðar hæðir hússins ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Á skammbitum er gólf. Þar uppi er fuðurloft og geymsla. Niðri í húsinu eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur, skyggð baðherbergi m/ v. s. Á rishæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/ v. s. og gangur. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús með venjul. frágangi; hinn hluti hans er bílgeymsla.

Inngönguskúr úr timbri, járn á veggjum og þaki. Hann er þiljaður innan, strigalagður, veggfóðraður og málaður. Undir honum er steinsteypukjallari. Þar er gangur inn í kjallararann. Við skúrinn eru steinsteypuþrep.

Stærð hússins: L. 12.1 m., br. 7.5 m., h. 3.9 m., ris 3.5 m., kjall. 2.3 m.
" " inngangsskúrs: " 2.0 - , " 1.5 - , " 2.9 - 2.5.
Húsið allt ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á kr. 155.300.00
Kr. 155.300.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Hús Kristins Helgasonar, Vinaminni við Grensásveg, Sogamýrarblettur 58, brbnr. 4030, er íbúðarhús, óbreytt frá síðustu virðingu 1/11. 1942, einlyft úr bindingi, klætt utan borðum á veggjum, liggjandi klæðningu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Það er allt þiljað innan, strigalægt, veggfóðrað og málað. Þar eru 3 íbúðarherbergi og gangur ny rafhitun. Kjallari er undir húsinu. Við það er inngönguskúr; þar er anddyri, eldhús og v. s., allt með sama frágangi og húsið sjálft.

4030 Stærð hússins: L. 8.1 m., br. 4.0 m., h. 3.0 m., skáþak, kjall. 2.2 m.
— " — inngskúrs: " 3.5 " , " 2.5 " , " 2.6 " — " —

Hús þetta ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á . . Kr. 26.300.00

Fuglahúsið hefir verið stækkað með timburviðbyggingu, svo að nú er það að hálfu úr steinsteypu og að hálfu úr timbri. Þakið er úr borðum, pappa og járni; neðan á þakbitum er klætt texi og múrhúðað. Útveggir eru klæddir ýmist járni eða pappa. Að innan er það stoppað með spónum og klætt texi þar yfir. Í því er steinsteypugólf. Það er hólfað í sundur í fuglastíur með vírneti á timburrimlum, en viðbyggingin er ósundurhólfuð. Í húsinu er 1 kolaofn.

Stærð: L. 8.6 m., br. 12.0 m., h. 2.8 m., skáþak.

Hansnahús þetta er metið á . . . . . Kr. 23.000.00

Kr. 49.300.00

7. Hús ríkissjóðs, prentsmiðjan Gutenberg, Þingholtsstræti 6, brbnr. 885, er byggð úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í bindingi er pappi og innan á bindingi er pappi, listar

885 og þiljur. Milligólf er í tvúmur bitalögum, en pappi milli lofta í hinu þriðja.

Á neðri hæðinni er prentarasalur, 2 herbergi, skrifstofa og 2 v. s. með snyrti.

Á efri hæðinni er setjarasalur, 2 herbergi, v. s. og gangur.

7. Á rishæðinni eru 4 herbergi, v. s. og gangur. Allar eru hæðirnar þiljaðar innan, veggfóðraðar og málaðar.

Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi og skilveggjum; þar er eldtraustur skápur til leturgeymslu og 3 geymsluherbergi, gangur, steypibaðklefi ofl.

Stærð: L. 15.7 m., br. 8.8 m., h. 7.8 m., ris 3.3 m., kjall. 1.9 m.

Inngönguskúr er byggður við vesturklið hússins úr steinsteypu, með járnþaki á plægðri borðasúð með pappa á milli; í honum eru 3 gangar, 1 herbergi og v. s.; kjallari með steinsteypugólfi er undir skúrnum.

Stærð: L. 4.4 m., br. 3.1 m., h. 7.0 m., skáþak, kjall. 1.9 m.

Geymsluhús er byggt á vesturmörkum lóðarinnar úr steinsteypu, sementsléttað utan og innan, þak er úr borðasúð, pappa, járni og steinsteypuplötu þar yfir. Kjallari er undir skúrnum með steinsteypugólfi, hólfaður í sundur í geymslur. Skúrinn er allur þiljaður innan, hillur og skápar

885 eru meðfram veggjum til pappírsgeymslu.

Stærð: Meðall. 13.4 m., br. 3.8 m., h. 3.3 m., skáþak, kjall. 2.0 m.

Millibygging er gerð á milli aðalhússins og geymsluhússins, að miklu leyti úr steinsteypu, þar sem veggir eldra hússins ekki falla inn í hana. Þak er úr bárujárni á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu. Þiljað er innan á útveggi, þeir vírlagðir og öll aðalhæðin málað. Á aðalhæðinni er prentvélasalur, 2 skrifstofur, eldtryggt herbergi, með stálhurð og anddyri. Í kjallaranum eru 2 pappírsgeymslusalir, 2 afþiljuð herbergi, gangur, snyrtistofa með v. s. Allir steinsteypu útveggir eru múrsléttaðir utan

Stærð: Meðall. 17.3 m., meðalbr. 6.0 m., h. 3.9 m. slétt þak, kj. 2.2 m.

Húsið ásamt skúrum, millibyggingu og tilheyrandi er metið á Kr. 474.400.00

Kr. 474.400.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Hús Erlends Erlendssonar, „Rödull", Laugavegur 89, sem fær brbnr. 4537, er veitinga-, samkomu- og íbúðarhús, þrílyft, úr járnbentri steinsteypu, veggir, 4 loft og stigar. Þakið er úr bordum, pappa og asbesti. Útveggir eru einangsaðir með vikurplötum, múrhúðað og allt að því listmálað yfir. Á 1. og 2. hæð eru 2 veitingasalir og er gólf þeirra lagt eikarkubbum, anddyri með korklagi á gólfi og stigar dúklagðir. Annar stigagangur er bakdyramegin og smákrókur fyrir veitingaafgreiðsluborð. Tvær öflugar stoðir eru undir loftbitum. Á 3. hæð, sem ekki er í fullri breidd við neðri hæðirnar, og myndar þakrvalir yfir þeim á bakhlið hússins, er byggingarmáti sami og áður er lýst, múrhúðað og málað, en dúkar á gólfum og stigum. Þar eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi m/v.s., stigagangur, innri og fremri gangur. Á rishæð, sem er með 10 gluggakvistum og jafnmörgum herbergjum og gangi eftir endilöngu, eru skilrúm úr timbri, en veggir, loft og skilrúm klætt trétexi og ýmist veggfóðrað eða málað. Þar er og vaskur og v.s.

4537

Í kjallara eru 2 stigagangar og 2 inngangar, fatageymsluherbergi, 2 snyrtiherbergi, stórt eldhús með fréttstandandi rafeldavél, virtri á kr. 8000.00 og stórum hitaskáp á kr. 3000.–. Öll eru herbergi kjallarans múrhúðuð, máluð og dúklögð. Tvær smályftur eru sín í hvorn veitingasalinn. Þar er ennfremur búr, ölgeymsluherbergi og frystiskápur á kr. 7000.00. Húsið er húðað með skeljasandi og silfurbergi.

Stærð: Miðall. 14.1 m., br. 12.4 m., h. 6.7 m., kjall. 2.6 m.
–„– þriðjuhæðar og riss: L. 14.1 m., br. 10.9 m., h. 2.9, ris 1.8 m.
Húsið með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 552.000.00
Kr. 552.000.00

[redacted]

9. Hús Jóns Hannessonar, Langholtsvegur 5, sem fær brbnr. 4538, er einlyft íbúðarhús á steyptum grunni, hlaðið úr vikurholsteini með þaki úr timbri, pappa og asbesti. Skilrúm eru úr vikurholsteini, en loft úr timbri, allt múrhúðað og málað. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með kolavél og hitalögn út frá henni, steypibaðherbergi með v.s., anddyri og gangur. Húsið er múrhúðað með hvartsi og tinnu.

4538

Stærð hússins: L. 7.4 m., br. 7.0 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m.
–„– útskots: „ 4.6 „, „ 1.3 „, „ 3.0 „, „ 1.4 „
Húsið ásamt tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 52.600.00
Kr. 52.600.00

10. Húseign Diðriks Helgasonar, Háteigsvegur 26, sem fær brbnr. 4539, er tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu með þaki úr timbri, pappa og steinskífu; 3 loft eru í húsinu úr járnbentri steinsteypu sem og stigar, nema á rishæð. Skilrúm eru ýmist steypt eða hlaðin úr vikurhellum, múrhúðað og málað yfir. Á hvorri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi m/v.s., stigagangur, gangur og veggsvalir. Á rishæð eru 3 íbúðarherbergi og gangur, klædd trétexi, veggir og loft og ýmist veggfóðrað eða málað. Í kjallaranum, sem er að öllu leyti með sama frágangi og aðalhæðirnar, að því er íbúð snertir, nema hvað skilrúm öll eru úr steypu, eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðklefi m/v.s., þvottaherbergi, anddyri, geymslur, gangur og stigagangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim inngangur í kjallara og geymsla. Það er húðað með skeljasandi

4539

Stærð: L. 12.0 m., br. 9.5, h. 5.5 m. ris 2.5 m., kjall. 2.4 m.
–„– útsk. „ 4.4 „, „ 1.2, „ 5.5 „, „ 1.2 „, „ 2.4 „
–„– útsk. „ 5.8 „, „ 0.7, „ 5.5 „, „ 1.0 „, „ 2.4 „
Húsið ásamt útskotum og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 280.000.00
Bílskúr er áfastur við húsið, en þó aðskilinn frá því
Flyt: 280.000.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt: 280.000.00

10. úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og þak. Hann er ósundurhólfaður, en múrhúðaður eins og húsið.
4539 Stærð: L. 9.0 m., br. 3.6 m., h. 2.6 m., slétt þak.
Bílskúr þessi með tilheyrandi er metinn á . . . . . kr. 8.400.00
Kr. 288.400.00

11. Hús Gísla Guðmundssonar, Sogavegur 122, sem fær brbnr. 4540, er einlyft íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum grunni, sambyggt við nr. 124. Þakið er úr timbri, pappa og asbesti. Beggja vegna bindings er klætt borðum og stoppað með torfi í milli, þar yfir strigi og pappír.
4540 Að utanverðu er pappi, vírnet og múrhúðað yfir með skeljasandi. Skilrúm og loft er úr timbri með striga og pappír, allt málað. Timburgólf er ofan á steypunni og dúkar þar yfir. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, miðstöðvarklefi, anddyri, v. s. og steypibaðklefi. Í risi er að eins geymsla. Stærð: L. 7.5 m., br. 6.0 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m.
Húsið með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 39.600.00
Kr. 39.600.00

12. Hús Þorleifs Odds Magnússonar, Miklabraut 11, sem fær brbnr. 4541, er tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, járnbentri yfir gluggum. Þak er úr timbri, pappa og asbesti; 3 loft eru úr járnbentri steinsteypu sem og stigar, en kjallaragólf úr venjulegri steypu. Innan á út-
4541 veggjum eru vikurplötur. Skilrúm eru ýmist úr vikurplötum eða venjulegri steypu. Íbúðarherbergi öll eru múrhúðuð og máluð. – Á hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með kerlaug og v. s., stigagangur og gangur. Rishæð er óhreyfð hvað innra borð snertir. Í kjallara, sem er með samskonar frágangi og áður er lýst, eru einnig 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., gangur, stigagangur, þvottaherbergi,

geymslur og anddyri. Steinsteyputröppur eru við húsið og
12. inngangur í kjallara. Geymsla er undir tröppunum. Í húsinu er hitaveitulögn. Á því eru tvennar veggsvalir, það er múrhúðað með skeljasandi.
4541 Stærð hússins: L. 11.8 m., br. 9.1 m., h. 5.3 m., ris 1.9 m., kj. 2.6 m.
–"– útskots: " 7.2 ", " 1.3 ", " 5.3 ", " 1.0 ", " 2.6 "
Húsið ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 259.700.00
Kr. 259.700.00

13. Hús Arons Guðmundssonar, Grenimelur 32, sem fær brbnr. 4542, er tvílyft íbúðarhús með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og steinskífu, valmaþak. Í því eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf úr venjulegri steypu. Innan á útveggjum er tvöfalt pappalag á listum, klætt trétexi og öll eru íbúðarherbergin múrhúðuð og máluð og dúkar á gólfum og stigum. – Á hvorri hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, baðherbergi með kerlaug og v. s., flísalögð neðan á veggjum og kringum vaska, gangur, stigagangur og anddyri með leirflísum á gólfi.
4542 Í svefnherbergi, sínu á hvorri hæð, eru 3 fastir skápar með eikarhillum og skúffum. Rishæð er að innra borði ófullgerð. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v. s., anddyri, gangar 2 með sama frágangi og á hæðum hússins. Auk þess er þar þvottahús, miðstöðvarherbergi og geymsla. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsla og inngangur í kjallara. Allt er húsið hið vandaðasta að öllum frágangi. Á því eru fernar veggsvalir. Það er allt múrhúðað utan.
Stærð hússins: L. 13.9 m., br. 10.2 m., h. 5.8 m., ris 3.0 m., kj. 2.6 m.
–"– útskots: " 7.8 ", " 1.5 ", " 5.8 ", " 1.6 ", " 2.6 "
–"– útskots: " 5.0 ", " 1.4 ", " 5.8 ", " 1.6 ", " 2.6 "
Húsið ásamt útskotum og tilheyrandi er metið á . . . kr. 392.300.00

Bifreiðaskúr er við húsið úr steinsteypu, veggir, gólf og þak, sem er einangrað með pappa, texi og múrhúðað.

Fyrl: 392.300.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt: 392.300.00

13. Hann er húðaður utan eins og húsið.
Stærð: L. 8.3 m., br. 4.0 m., h. 2.6 m., slétt þak.
4542 Bílskúrinn með tilheyrandi er metinn á . . . . . kr. 12.000.00
Kr. 404.300.00

14. Hús Jóns Eiríkssonar, Hjallavegur 9, sem fær brbnr. 4543, er einlyft íbúðarhús á steyptum grunni úr bindingi, með þaki úr bordum, klætt pappa. Utan á veggjum er borðaklædning, pappi, vérnet og slétthúðað
4543 yfir, en að innanverðu er pappi, listar, plægð klædning og trétex. Loft og skilrúm eru úr timbri, klæddu trétexi með álímdum pappír og allt málað yfir. – Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur og 2 fastir skápar í svefnherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, steypibaðherbergi og geymsla. Geymsla er undir risi.
Stærð hússins: L. 8.0 m., br. 7.0 m., h. 3.2 m., ris 1.5 m.
– " – viðbygg.: " 4.0 ", " 3.6 ", " 3.2 ", " 0.8 "
Hús þetta ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 62.300.00
Kr. 62.300.00

15. Hús Þorvalds Helgasonar, Árbæjarblettur 9 við Suðurlandsbraut, sem fær brbnr. 4544, er íbúðarhús úr steinsteypu með þaki úr bordum, pappa og járni. Innan á útveggjum eru rimlar, pappi og asbestplötur. Skilrúm og loft eru klædd með asbesti á timburbinding og veggfóðrað yfir.
4544 Kjallari er undir hluta af húsinu. Yfir honum er timburgólf, en steinsteypa í hinum hluta þess. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Miðstöð er í húsinu í sambandi við kolaeldavél. Það er húðað utan með skeljasandi.
Stærð hússins: L. 5.1 m., br. 4.6 m., h. 2.5 m., ris 1.3 m.
– " – útskots: " 3.2 ", " 0.7 ", " 2.5 ", " 0.6 "
– " – kjallara: " 3.2 ", " 2.3 ", " 1.8 m.
Húsið ásamt útskoti, kjallara og tilheyrandi er metið á . . . kr. 22.000.00
Kr. 22.000.00

16. Hús Guðlaugs Þorsteinssonar, Selás 22, sem fær brbnr. 4545, er einlyft íbúðarhús úr timbri, klætt bordum, pappa og slettu járni á veggjum, en bárujárni á þaki. Innan á útveggjum eru timburrimlar, pappi og trétex yfir, sem og á loftum, og skilrúm eru einnig
4545 úr bindingi og klædd sama efni, allt veggfóðrað. Steinsteyptur grunnur er undir húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 anddyri.
Stærð hússins: L. 6.3 m., br. 6.3 m., h. 2.5 m., ris 1.0 m.
– " – útskots: " 1.7 ", " 1.4 ", " 2.0, skáþak.
Húsið ásamt útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 26.000.00
Kr. 26.000.00

17. Hús Friðriks Bertelsens & co h.f. ofl., Hafnarhvoll, við Geirsgötu og Tryggvagötu, sem fær brbnr. 4546, er verzlunar- skrifstofu- og vörugeymsluhús, fimmlyft með þakbyggingu, úr járnbentri steinsteypu, grunnur, veggir, 5 loft og stigar. Innan á útveggjum er ýmist vikur- eða spónasteypu- einangrun. Skilveggir eru einnig úr vikri eða spónasteypu. Útidyrahurðir og karmar eru úr teackvidi og stórir vörusýningargluggar kringum alla neðstu hæðina. Allt herbergi og gangar eru
4546 múrhúðuð og málað yfir. Á gólfhæð, meðfram Geirsgötu og vesturenda hússins, er myndar hálfkring, er sölubúð með sýningarskápum og hólfum meðfram öllum gluggum úr origonpine. Afgreiðslubord, hillur, skápar og skúffur eru úr sama efni. Hinn meginhlutinn er vörugeymsla. Þar er ómálað. Þar er miðstöðvarklefi með katli, smágeymsluherbergi og v.s. Lyftuhús er upp í gegnum allar hæðir, en lyftan sjálf er ókomin. Innaf verzlunarbúðinni er smáskrifstofuherbergi. Á fyrstu hæð eru skrifstofur og vörugeymsla. Gangahurðir eru úr eik, en að öðru leyti eru masonithurðir. Meðfram göngum er eikarbjöstþil og skilrúm í skrifstofum og afgreiðsluherbergjum er úr slípudu gleri. Á 2.-4. hæð eru eingöngu skrifstofur, ýmist með eikar-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. eða masonítkurðum og með brjóstpiljum úr eik. Hurðir eru mahogníhurðir og brjóstpil úr sama efni í eldhúsi og gangi og skrifstofur, en fremur borðöll, skápar og skúffur og aðalafgreiðsluborð hólfaðar með slípuðu gleri í mahognírömmum. Gluggi er einungis notuð fyrir skrifstofur. Á þessum hæðum öllum eru gólf dúklögð. Þakhæðin er úr sama efni, múrhúðuð og máluð, með þaki úr borðum, pappa og járni. Loft er klætt timbri og múrhúðað. Þar er

4546 ekki arkitektabragð og er hún ekki úr vistlega. Öll loft hæða á 8 gildum steinsteypustöðum. Hliðarveitulögn er í húsinu þar eru 9 v.s. Húsið er múrhúðað utan með kvarsi.

Stærð hússins: L. 21.8 m., br. 16.9 m., h. 15.6 m.

Rúmmál	42 m²		15.6
--- b. hæðar í þaki:	L. ~~47~~ 17.2 m., br. ~~10~~ 9.6		2.7, ris 0.8 m.
--- Kringlu	~~30 m²~~ 72 m²		2.7, 1.0
			1.932.000.-
Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á		Kr.	~~1.786.000.00~~
		~~Mk.~~	~~1.786.000.00~~
	Kr:		1.932.000.-

Helgi Ásgeirsson
Valgeir Jónsson
Jón Bergsteinsson

Árið 1945, hinn 10. apríl

mætti Helgi Ásgeirsson f.h. Fél. Almennar tryggingar ásamt hinum löggiltu virðingamönnum, þeim Valgeiri Jónssyni og Jóni Bergsteinssyni til þess, samkvæmt lögum nr. 11 frá 26. mars 1924 um brunatryggingar í Reykjavík, að virða til brunabóta eftirtaldar húseignir í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:

1. Hús Guðbaugar Ólafsdóttur, Samtún 28, sem fær brnr. 4547, er einlyft íbúðarhús með risi, byggt úr bindingi á steinsteyptum kjallara, með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. Utan á bindingi er klætt borðum, pappa, vörðli og steiljasandsmúrhúð yfir; 2 loft og stigar eru úr timbri, en kjallaragólf steinsteypt. Innan á útveggjum er pappi á rimlum og tréverk klætt yfir og öll

4547 íbúðarherbergi úr misl. veggfóðruð eða máluð og að mestu dúkuð á gólfum. — Á aðalhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, v.s. og inngangur. Á risi eru 2 herbergi og gangur. Skilrúm í húsinu eru úr bindingi, klæddum tré. Í kjallara er klætt innan á útveggi með asbestpappa og skilrúm að mestu steypt; herbergi úr misl. veggfóðruð eða máluð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, þvottahús og geymsla.

Stærð: L. 9.0 m., br. 7.2 m., h. 2.8 m., ris 2.2 m., kjall. 2.4 m.

Húsið með tilheyrandi er metið á	Kr.	78.300.00
	Kr.	78.300.00

2. Húseign Guðmundar Halldórssonar, Flókagata 35, sem fær brnr. 4548, er tvílyft íbúðarhús með risi, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa

4548 og asbesti; í því eru 3 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir úr venjulegri steypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og eru allar íbúðir

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. hússins múrhúðaðar og málaðar. Øll gólf nedri hæðar, nema eldhúss og v.s., eru lögð eikargólfi yfir steypugólfið.
Á aðalhæð eru 2 stórar stofur, eldhús með slípuðum, spónlögðum skúffum og skápum og terrassosteypu á eldhúsbordi, v.s., 2 anddyri, stigagangur og gangur.
Á efri hæð eru 4 herbergi, baðherbergi m/v.s. og gangur.
Þar eru dúkar á gólfum og stiga. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, dúklögð og máluð, eldhús, búr, gangur m/vaski, þvottahús og geymslur.
Húsið er húðað með silfurbergi.
Stærð: L. 9.4 m., br. 8.0 m., h. 5.4 m., ris 1.4 m., kjall. 2.4 m.
4/548 Útskot: " 4.4 ", " 1.2 ", " 5.4 ", " 0.6 ", " 2.4 "
do " 2.7 ", " 1.5 ", " 5.4 ", " 0.4 ", " 2.4 "
Húsið ásamt útskotum og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 190.400.00
Bílskúr er á sömu lóð, steyptur að öllu leyti. Þak er einangrað með vikurplötum. Í gólf skursins er steypt þró með tréhlerum yfir, til þess að athafna sig við bílinn neðanverðan. Hann er múrhúðaður eins og húsið.
Stærð: L. 8.0 m., br. 3.8 m., h. 2.5 m.
Bifreiðaskurinn er metinn á . . . . . kr. 11.300.00
Kr. 201.700.00

3. Hús Áka Jakobssonar ráðherra, Krísateigur 12, sem fær brbnr. 4549, er tvílyft íbúðarhús með porti og risi og 2 kvistum og útskoti; byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og járni. Í því eru 2 loft og stigar úr járn-
4/549 bentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf úr vexjulegri steypu. Innan á útveggjum eru vikurplötum. Allar íbúðir hússins eru múrhúðaðar og málaðar og dúkar á öllum gólfum og stigum. — Á báðum aðalhæðum og rishæð er sama herbergjaskipun og frágangur. Þar eru á hverri hæð fyrir sig 4 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v.s., gangur, stigagangur og fastir skápar. Gólf er á skammbitum og þar uppi geymsla. Tveir veggpallar eru á húsinu,

3. annar yfir útskoti. Það er múrhúðað utan með skeljasandi
Stærð hússins: L. 11.5 m., br. 9.0 m., h. 6.1 m, ris 3.4
— — útskots " 2.4 ", " 1.2 ", " 5.5 ", flatt þak
Áfast við húsið er viðbygging og innangengt í hana. Hún er úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og járni. Vikur-
4/549 einangrun er innan á útveggjum; í henni er steinsteypugólfi þar er miðstöð, þvottahús og geymslur. Hár reykháfur er upp fyrir vegg aðalhússins. Viðbyggingin er múrhúðað eins og húsið.
Stærð: L. 5.5, br. 4.0, h. 2.0, ris 1.0 m.
Hús þetta ásamt útskoti, viðbyggingu og tilheyrandi er metið á kr. 228.000.00
Kr. 228.000.00

4. Húseign hf. Steinsteypan, Vitatorg, sem fær brbnr. 4550, er 3 hús:
I. Efnisgeymsluhús hlaðið úr steyptum holsteini á steinsteyptan grunn, með þaki úr borðum, pappa og járni. Neðan á loftbita er klætt gipsplötum. Á þakinu eru 10 gluggar. Á því eru tvennar bílgengar dyr.
Stærð: L. 21.2 m., br. 8.0 m., h. 4.0 m., skáþak
4/550 Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 33.900.00
II. Rörasteypuhús sunnar á lóðinni, byggt á sama hátt og með samskonar frágangi. Bæði húsin eru múrhúðuð utan.
Stærð: L. 17.7 m., br. 5.5 m., h. 3.8 m., skáþak.
Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 18.500.00
III. Þurkskýli er austur frá II og áfast við það hús. Suðurgafl þess er hlaðinn úr steyptum holsteini þakið er úr járni á langböndum og hvílir framhlið þess á 7 steinsteyptum stoðum.
Stærð: Meðall. 16.5 m., br. 5.0 m., h. 3.8 m.
Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 7.800.00
Kr. 60.200.00

5. Hús Jóhannesar Halldórssonar, Dyngju-
4/551 vegur 17, sem fær brbnr. 4551, er einlyft íbúðar-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. hús á steinsteyptum grunni, byggt úr timbri. Þak er úr bordum, pappa og járni. Eitt steinsteypt loft er í húsinu og kjallarastigi. Utan á binding er klætt bordum, pappa og asbestplötum. Að innan er klætt með tvöföldum pappalagi á listum, þar yfir trétexi og síðan sandpappa. Skilrúm eru úr bindingi, klædd texi og panelpappa. Þiljað er neðan á loftbita með sama efni og samskonar frágangi. Allar íbúðir hússins eru máladar. Í risi er geymsluloft. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús
4551 með rafeldavél, baðherbergi og ~~steypi~~ kerbaðtækjum og v. s., anddyri og gangur. Kjallaraveggir eru einangradir ýmist með trétexi eða timbri og múrhúðað yfir og málað hvað íbúð snertir. Skilrúm eru þar ýmist steypt eða múrhúðuð á timbur. Þar eru 3 íbúðarherbergi máluð, bæði veggir og loft, 1 eldhús með rafeldavél, steypibaðherbergi með v. s., miðstöðvarherbergi, þvottahús og geymsla. Veggir baðherbergis og ganga á hæðinni eru múrhúðadir og máladir og dúkar eru á öllum gólfum íbúðanna.

Stærð: L. 10.7 m., br. 8.5 m., h. 2.8 m., ris 1.6 m., kjall. 2.4 m.

Húsið ásamt tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 122.100.00

Kr. 122.100.00

6. Hús Haralds Sveinbjarnarsönar, Hverfisgata 108, sem fær brbnr. 4552, er íbúðar- og verglunarhús, þrílyft, byggt úr járnbentri steinsteypu, og kjallari undir nokkrum hluta þess. Þak er úr bordum, pappa og bárujárni. Í húsinu eru 3½ loft og stigar úr járnbentri steinsteypu. Innan á
4552 útveggjum neðstu hæðar er klætt pappa og timbri að mestu, en vikurplötum að nokkru og múrhúðað yfir. Tvær efrihæðirnar eru einangradar með vikurplötum og múrhúðadar og máladar, bæði veggir og loft. Skilrúm eru flest úr steinsteypu og kjallaragólf, en að nokkru leyti eru skilrúm úr vikurplötum. Á neðstu hæð eru 3 sölubúðir og er einþeirra langstærst og hvílir loftið þar á 3 steyptum stodum. Opinn gangur er undir húsið Hverfisgötumegin inn á óbyggða hluta lóðarinnar. Ennfremur eru bílgengar dyr inn á

6. búðina og þar eru 6 stórir vörusýningargluggar. Innar af búðinni eru 5 skrifstofuherbergi og 1 v. s. — Á annari hæð eru 4 íbúðir og í hverri fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi með rafeldavél og tilheyrandi útbúnaði, steypibaðherbergi með v. s. og gangur. Á horni hússins, sem myndar turn, er auk þess 1 herbergi á hvorri hæð til viðbótar nærliggjandi íbúðum. — Á 3. hæð er sama herbergjaskipun og frágangur og ádur er lýst. Á húsinu eru 6 veggpallar. — Á þakhæð eru 19 íbúðarherbergi, 3 geymsluherbergi og 2 v. s. Þar eru skilrúm úr bindingi, herbergin klædd
4552 trétexi og ýmist veggfóðruð eða máluð og gólf dúklögð sem og annarsstadur á gólfum og göngum hússins. Gangur er eftir endilöngu loftinu og 2 stigagangar eru í húsinu, sinn í hvorri álmu. Eins og ádur er lýst er kjallari undir nokkrum hluta hússins; þar eru geymslur, þvottahús, v. s. og stigagangur. Húsið er ekki múrhúðað utan enn þá, en á að múrhúðast með skeljasandi.

Stærð suðurálmu: L. 13.0 m., br. 10.0 m., h. 8.4 m., ris 3.0 m., kj. 2.1 m.

— " — norðurálmu: " 16.6 " , " 11.0 " , " 8.8 " , " 3.0 "

Hús þetta með öllu því tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 811.200.00

Kr. 811.200.00

7. Hús Jónasar Sigurðar Jónssonar, Sólvangur við Sléttuveg, sem fær brbnr. 4553, er einlyft íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum grunni, múrhúðað utan með skeljasandi. Þakið er úr bordum, pappa og asbesti. Í útveggi er stoppað með spónasteypu. Skilrúm eru úr vikurhellum
4553 og allt er húsið múrhúðað innan og málað. Loft er úr timbri, múrhúðað og málað. Dúkar eru á gólfum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, búr, v. s., anddyri og gangur, þvottaherbergi og geymslar. Húsið er hitað með rafmagni.

Stærð aðalhúss: L. 9.4 m., br. 3.8 m., h. 3.0 m., ris 1.0 m.

— " — viðbygg.: " 4.7 " , " 1.5 " , " 3.0 " , " 0.6 "

— " — inngskúrs: " 2.0 " , " 2.0 " , " 2.4 " , " 0.3 "

Húsið ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi er metið á kr. 34.900.00

Kr. 34.900.00

~~Helgi Ásgeirsson~~ ~~[illegible]~~

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Hús Jóns Einarssonar, Efstasund 4, sem fær brbnr. 4554, er einlyft íbúðarhús, hlaðið úr steyptum steini á steinsteyptan kjallara, með þaki úr bordum, pappa og asbesti. Tvö loft eru úr járnbentri steinsteypu. Milliveggir aðalhæðar eru hlaðnir úr steyptum steinum og íbúðin þar múrhúðuð og máluð og dúkar á gólfum. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél og venjul. frágangi, baðherbergi með kerlaug og v. s., anddyri, gangur og stigagangur. Stigar í húsinu eru úr timbri. Í svefnherbergi eru 3 fastir
4554 skápar. Í þakhæð er klætt neðan á skammebita og innan á sperrur með trétexi og þar á límdur pappír, en skilrúm eru að mestu hlaðin og múrhúðuð og öll er íbúðin máluð með dúkum á gólfum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., gangur, geymsla og stigagangur. Innan á kjallaraveggi er klætt með pappa og trétexi, en milliveggir múrhúðaðir og íbúðin máluð og dúklögð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., anddyri og gangur, þvottahús og miðstöðvarherbergi og geymsla. Steinsteypuströppur eru við húsið; undir þeim er inngangur í kjallara og geymsla.

Stærð: L. 9.0 m., br. 8.6 m., h. 2.7 m., ris 2.8 m., kjall. 2.5 m.

Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 113.300.00

Kr. 113.300.00

9. Hús Guðmundar Jónssonar lögregluþjóns, Sundlaugavegur 9A, sem fær brbnr. 4555, er einlyft íbúðarhús á steinsteyptum kjallara, hlaðið úr holsteini. Þak er úr borðasúð með pappa yfir, með geirarisi. Tvö loft eru úr járnbentri steinsteypu. Skilveggir aðalhæðar eru
4555 úr vikurplötum og er öll íbúðin múrhúðuð og máluð og gólfin dúklögð. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél og venjul. frágangi, steypibaðherbergi með v. s., anddyri, gangur og fastur skápur í svefnherbergi. Í risi er að eins geymsla. Innan á útveggi kjallara er klætt vikurplötum. Skilrúm eru þar úr steinsteypu og hvað íbúð

9. áhræsir er sami frágangur og áður er lýst. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, v. s., anddyri, gangur og stigagangur, þvottahús, miðstöðvarherbergi og geymsla. Steinsteyptar tröppur eru við húsið og undir þeim inngangur í
4555 kjallara og geymsla. Húsið er slétthúðað utan.

Stærð: L. 8.5 m. br. 8.0 m., h. 2.6 m., ris 1.6 m., kjall. 2.5 m.

Hús þetta með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 88.100.00

Kr. 88.100.00

10. Hús Ragnhildar Ásgeirsdóttur, Sólvallagata 51, brbnr. 102, er íbúðarhús úr steinsteypu með flötu steinsteypuþaki, í meginatriðum óbreytt frá lýsingu 21/10. 1934. Yfir þann hluta efri hæðar, er áður var veggsvalir, hefir nú verið byggt og stækkað herbergi efri hæðar sem því svarar, með sama frágangi og á því sem fyrir var. Baðherbergi, sem var á efri hæð, hefir verið breytt í eldhús með rafsuðuplötu, en kerlaugin og steypibaðtæki flutt í þvottahús í kjallara.
102 Eldhús eru þrí nú á hvorri hæð, á neðri hæð með rafeldavél. Þvottavél hefir verið sett í þvottahúsið. Í kjallara eru nú 2 íbúðarherbergi, múrhúðuð og máluð, annað veggfóðrað, þar sem áður var geymsla. Gasvél er einnig í kjallara. Rafleiðslur eru til ljósa, hitunar og suðu.

Stærð: L. 7.5 m., br. 9.0 m., h. 5.5, flatt þak, kjall. 2.2 m.

Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á . . . . kr. 117.500.00

Bílskúr hefir verið byggður á sömu lóð úr steinsteypu með járnþaki á pappa- og borðasúð. Í honum er raflögn til ljósa og hitunar.

Stærð: L. 5.7 m., br. 3.3, meðalh. 2.3 m., skáþak

Bílskúrinn er metinn á . . . . . kr. 6.500.00

Kr. 124.000.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Húseign Hjartar Hjartarsonar, Bræðraborgarstígur 22, brbnr. 407, er H hús:

A. Íbúðarhæð óbreyttur frá lýsingu 4. febr. 1908. Við vesturhlið hans hefir verið byggður inngönguskúr úr bindingi, með járni á veggjum og paki. Hann er þiljaður innan með panel og máladur. Þar er inngangur og geymsla.

Stærð bæjarins: L. 6.7 m., br. 5.3 m., hæð í mæni 2.8 m.
—.— inngskúrs: „ 3.3 „ „ 2.0 „ h. 2.0 m.

Bæinn ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metinn á . . kr. 12.800.00

B. Íbúðarhús og verzlunarhús óbreytt í meginatriðum frá lýsingu 21. júlí 1924, ásamt 2 inngönguskúrum. Í kjallara hússins er nú sölubúð.

Stærð hússins: L. 7.5 m., br. 6.6 m., h. 3.2 m., ris 2.5 m., kjall. 2.4 m.
—„— inngskúrs: „ 2.4 „ „ 1.9 „ „ 4.0 „ skápar „ „ 2.4 „
—„— do : „ 3.2 „ „ 1.9 „ „ 1.9 „ —„—

407 Hús þetta ásamt báðum inngönguskúrum og tilheyrandi er metið á kr. 75.500.00

C. Kjallari og geymsluskúr er byggður á sömu lóð úr timbri með járni á þaki og að nokkru leyti á veggjum, en með vírnetum að öðru leyti; hann er hólfaður í þrennt.

Stærð: L. 8.6 m., br. 2.3 m., h. 2.4 m., skápar
Kjallarinn þessi er metinn á . . . . . kr. 4.300.00

D. Milli inngönguskúrs að vestanverðu og hússins hefir verið byggð smágeymsla, hlaðin úr steini á 2 vegu, með járnþaki.

Stærð: L. 2.7 m., br. 1.9 m., h. 2.0 m.
Geymsla þessi er metin á . . . . . kr. 1.000.00
Kr. 93.600.00

12. Húseign bæjarsjóðs Reykjavíkur, „Bjarnaborg", Hverfisgata 83, brbnr. 696, er íbúðarhús, óbreytt frá lýsingu 8. jan. 1921 og geymsluskúr óbreyttur frá s. d.

Stærð suðurálmu: L. 18.3 m., br. 6.3 m., h. 5.8 m., ris 2.8 m., kjall. 2.0 m.
—„— millibyggingar: „ 22.0 „ „ 7.5 „ „ 5.8 „ „ 2.8 „ „ 2.0 „

696 Þetta aðalhús með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 372.000.00

Stærð geymsluskúrs: L. 34.7 m., br. 2.5 m., h. 2.3 m., skápar
Geymsluskúrs þessi með tilheyrandi er metinn á . . . . . kr. 14.500.00
Kr. 386.500.00

13. Hús Gísla Jóh. Sigurðssonar, Bræðraborgarstígur 38, brbnr. 800, er íbúðarhús óbreytt frá lýsingu 12. des. 1903 og 1. maí 1941, að öðru leyti en því, að hitaveitulögn er nú komin í húsið og geymsluskúr óbreyttur frá 1. maí 1941.

Stærð hússins: L. 7.5 m., br. 6.3 m., h. 2.7 m., ris 1.5 m., kjall. 1.9 m.
800 —„— inngskúrs: „ 2.5 „ „ 2.0 „ „ 2.7 „ skápar „ „ 1.9 „

Hús þetta ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 51.900.00
Stærð geymsluskúrs: L. 2.6 m., br. 2.3 m., h. 2.0 m., skápar.
Skúrinn er metinn á . . . . . „ 1.200.00
Kr. 53.100.00

14. Hús Sigríðar Berndsens, Grettisgata 42, brbnr. 908, er íbúðarhús úr timbri, í meginatriðum óbreytt frá lýsingum 18. apríl 1905, 22. jan. 1921 og 1. febr. 1942. Nú eru þar 3 íbúðarherbergi á aðalhæð og eldhús með rafeldavél, 2 íbúðarherbergi uppi og í kjallara 3 íbúðarherbergi, eldhús með gasvél, baðherbergi með skyggibaðtækjum og v. s.; allt vegfóðrað og málað. Fleiri miðstöðvar. Húsinu fylgja 2 inngönguskúrar.

908 Stærð hússins: L. 6.3 m., br. 6.3 m., h. 2.8 m., ris 2.3 m., kjall. 2.2 m.
—„— inngskúrs: „ 1.9 „ „ 1.9 „ „ 2.5 „ skáp. „ „ 2.2 „
—„— do : „ 1.6 „ „ 1.9 „ „ 2.5 „ ris 0.7 m., „ 2.2 „

Hús þetta ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi er metið á . . . . kr. 52.300.00
Geymsluskúr, óbreyttur frá síðustu lýsingu.
Stærð: L. 2.8 m., br. 3.1 m., h. 1.9 m., skápar, metinn á . . . . kr. 1.000.00
Kr. 53.300.00

15. Hús Páls Magnússonar lögfræðings, Skólavörðustígur 3A, brbnr. 1447, er íbúðar- og veitingahús. Þiljað að mestu leyti með porki og risi, byggt úr járnbentri steinsteypu. Þakið er úr plægðum borðum, pappa og bárujárni. Í þakinu eru 2 smáhvelfingar. — Í neðstu hæð er veitingasalur og söluskáli fyrir vefnaðarvöru. Veggir eru marmaraðir og máladir, einnig loftið; 2 smáskilrúm eru þar úr krossviði. Loftið í þessari hæð er úr steinsteypu og undir því bitar úr járnbentri steinsteypu og skyggðar stoðir úr steinsteypu. Allt önnur loft

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. og gólf eru úr timbri og milligólf í íbúðarherbergi. – Kamarar hað eru 5 í íbúðarherbergi, s. s. og 2 gangar. Veggir eru kalkstillaðir og veggfóðraðir, en strigi og pappír lagður um samskeyti og málað. – Í 3. hæð er sama herbergjaskipun, en skilveggir eru úr timbri og klæddir allir piljaðri innan og lagðir, ýmist veggfóðraðir eða málaðir. Þar er baðherbergi með kælaug og s. s. – Í efstu hæð eru 6 herbergi, piljuð, veggfóðruð og máluð. – Geymsluskjallari er undir öllu húsinu. Í því eru 3 eldhús með rafeldavélum og H. v. s. alls.

1447

Stærð: L. 11.3 m. br. 10.0 m. h. 9.0 m., ris 3.8 m., kjall. 1.9 m.

Inn- og uppgönguskúr er við vesturgafl hússins, byggður eins og það. Steigar eru úr timbri.

Stærð: L. 2.8 m., br. 3.2 m., h. 11.6 m., skáþak, kjall. 1.9 m.

Hús þetta ásamt inngönguskúr og tilheyrandi er metið á kr. 306.000.00

Kr. 306.000.00

16. Hús Vigfúsar Einarssonar skrifstofustjóra, Tjarnargata 5, brbnr. 1879, er steinsteypt íbúðarhús ásamt áföstu reiðaskúr og gróðurhúsi, óbreytt frá lýsingum 15. sept. 1923 og 1. júlí 1942.

1879

Stærð íbúðhúss: L. 9.7 m., br. 9.5 m., h. 6.3 m., ris 2.7 m., kjall. 2.0 m.

Hús þetta með öllu tilheyrandi er metið á kr. 200.500.00

Stærð áfreiðaskúrs: L. 5.6 m., br. 3.3 m., h. 2.3 m., skáþak.

Áfreiðaskúrinn er metinn á kr. 6.000.00

Stærð gróðurhúss: L. 11.3 m., br. 3.3 m., h. 2.4 m. skáþak

Gróðurhúsið er metið á kr. 2.400.00

Kr. 208.900.00

17. Hús Maríu Kristínar Friðriksdóttur, Tjarnargata 38, brbnr. 2005 (áður 1924), er íbúðarhús óbreytt frá lýsingu 1. ág. 1924, byggt úr timbri, 2 hæðir, ris og kjallari. Í því eru níu leiguherbergi, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með gaseldavélum og 2. v. s.

2005

Stærð: L. 8.9 m., br. 8.2 m., h. 6.0 m., ris 2.3 m., kjall. 2.1 m.

Hús þetta ásamt tilheyrandi er metið á kr. 140.900.00

Kr. 140.900.00

18. Hús Júlíusar Lárussonar, Þrastargata 5, brbnr. 2564, er íbúðarhús úr timbri, 1 hæð og ris, klætt utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki, skoppað með sagspónum, piljað innan og veggfóðrað og málað. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi og eldhús með rafeldavél og gangur. Í risinu er 1 íbúðarherbergi og geymsla, piljað og klætt með trétexi. Steinsteypugólf er í mörkerum kjallarahússins. Í því eru kolaopnar til hitunar.

2564

Stærð: L. 6.2 m., br. 4.7 m., h. 2.7 m., ris 2.0 m.

Viðbygging er við húsið, byggð eins og það, ófullgerð að innra frágangi. Stærð: L. 2.4 m., br. 4.7 m., h. 2.4 m., skáþak.

Húsið ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er metið á ..... kr. 20.100.00

Þvottahús úr timbri, klætt pappa á veggjum og þaki; með steinsteypu gólfi. Þar er þvottapottur.

Stærð: L. 3.0 m., br. 2.7 m., h. 1.8 m. skáþak.

Þvottahúsið ásamt tilheyrandi er metið á ..... kr. 300.00

Kr. 20.400.00

19. Hús Bæjarsjóðs Reykjavíkur f. Kolluarkletti, brbnr. 3282, er tilraunaskúr til áburðarvinnslu úr sorpi, sem bæjarsjóður hefir látið byggja áfast við húsið Ljósbrá Lusthúsvegi innan Kletts við Kolluarklettsveg og er innangengt í það. Viðbygging þessi er úr járni á langböndum, bæði veggir og þak, á steinsteypum grunni; bílgeymar djúpir eru á gólfi hennar.

3282

Stærð: L. 16.3 m., br. 6.0 m., h. 4.0 m., skáþak.

Skúr þessi með tilheyrandi er metinn á ..... kr. 28.300.00

Kr. 28.300.00

